UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

*Átak til að efla íþróttaþátttöku fólks af erlendum uppruna*

• heilsa • heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




GUNNAR SIGURÐSSON

*Hættur hjá V-deginum*

Er með mörg járn í eldinum.

FÓLK 30









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. ágúst 2007 — 218. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Draumsýnir**

Nýtt verk eftir John Speight frumflutt í kvöld.

MENNING 21

**Leikstýrir Latabæ**

Gunnar Helgason kemur börnunum í gírinn fyrir Latabæjar-hlaupið.



FÓLK 24

**Samgöngur við Eyjar**

Kostnaður við gangagerð til Vestmannaeyja er svo hár að fjáraustur í rannsóknir er ekki forsvaranlegur, skrifar Róbert Marshall.

Í DAG 16

**Heitur hjá Hearts**

Eggert Gunnþór Jónsson slær í gegn í skoska boltanum með einu besta liði landsins, Hearts.



ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA OG VESTRA** - Í dag verður nokkuð stíf norðanátt, 8-18 m/s, hvassast úti við suðausturströndina og austan til. Stöku skúrir á landinu norðaustan- og austanverðu, annars yfirleitt nokkuð bjart veður. Hiti 5-15 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Segja skort á dýralæknum vandamál

**Héraðsdýralæknar á Suður- og Norðurlandi segja erfitt að fá dýralækna til starfa. Víða þarf að flytja inn erlenda dýralækna til að sinna eftirlitsstörfum í sláturhúsum. Forstjóri Landbúnaðarstofnunar segir vandann ekki mikinn.**

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er orðið verulegt vandamál. Þegar ekki fást lengur dýralæknar til starfa í blómlegum landbúnaðarhéruðum eins og í Eyjafirði og á Suðurlandi þá er ástandið orðið æði alvarlegt,“ segir Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis.

Ólafur segir að verst gangi að fá dýralækna til þess að sinna opinberu eftirliti og kennir hann þar meðal annars lágum launum um. „Við mönnum sláturhúsin í haust með erlendum dýralæknum. Það fást ekki Íslendingar í þessi störf,“ segir Ólafur.

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, tekur í sama streng og segir ástandið á Suðurlandi afar slæmt. Líkt og Ólafur segir hún erfiðast að fá fólk í afleysinga- og eftirlitsstörf.

„Ég kann enga skýringu á þessu. Dýralæknanámið er afar vinsælt en svo virðist sem þeir sem fari utan til náms skili sér ekki heim. Við förum reglulega niður í hnén og biðlum til dýralæknanema sem eru erlendis en áhuginn er lítill,“ segir Katrín.

Ólafur segir að þeir sem skili sér heim úr námi sæki flestir í gæludýra- og hestalækningar í þéttbýli og það verði sífellt erfiðara að fá dýralækna til starfa í sveitum landsins, sérstaklega á vegum hins opinbera. Katrín tekur undir það en segir að upp á síðkastið hafi reynst erfiðara en áður að fá dýralækna til gæludýralækninga í einkageiranum. Því samsinntu eigendur dýralæknastofa í Reykjavík sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Jón Gíslason, forstjóri Landbúnaðarstofnunar, segir að vandinn sé ekki mikill. „Það er rétt að okkur berast ekki margar umsóknir þegar við auglýsum störf og þá sérstaklega þegar við leitum eftir dýralæknum í afleysingar eða eftirlit. Þetta er hins vegar ekki stórt vandamál,“ segir Jón. - þo



**Á ÞRÍTUGSALDURINN** Gestir og gangandi fögnuðu í gær 20 ára afmæli Kringlunnar í gær. Skoppa og Skrýtla komu í heimsókn og glöddu ungviðið. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erlendar stórstjörnur í uppsetningu Gísla Arnar Garðarssonar á Tillsammans:

# Gael García á svið á Íslandi

**MENNING** Mexíkóski leikarinn Gael García Bernal mun taka þátt í uppsetningu Gísla Arnar Garðarssonar á Tillsammans. Verkið verður byggt á kvikmynd Lukas Moodysson, sem fjallar um lífið í sænskri hippakommúnu á áttunda áratugnum. Daniel Brühl, sem lék aðalhlutverkið í hinni margverðlaunuðu kvikmynd Good Bye Lenin! er einnig hluti af leikhópnum.

„Gael kom að sjá Hamskiptin hjá okkur í London. Þegar ég sagði honum að ég væri að fara að gera leiksýningu úr Tillsammans fannst honum það með betri hugmyndum sem hann hefði heyrt í langan tíma og bað um að fá að vera með,“ sagði Gísli, sem kynntist leikaranum fyrst þegar Bernal og Björn Hlynur Haraldsson léku saman í London.



GAEL GARCÍA BERNAL

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa stórstjörnur á borð við García Bernal og Brühl ekki leikið í íslenskri uppsetningu áður.

Í leikhópnum eru jafnframt fjórir íslenskir leikarar. Hópurinn hélt í gær í vikudvöl út á land. „Þar mun ég átta mig á hvernig ég vil að þetta leggist og hver fer með hvaða hlutverk,“ sagði Gísli, sem stefnir að frumsýningu um áramót. - sun / sjá síðu 38

Sveiflur í sölu á majónesi:

# Majónes í hitanum

**NEYTENDUR** „Sala á majónessósum eins og hamborgarasósu og kokteilsósu nær tvöfaldast á landsbyggðinni í júlímánuði,“ segir Ólafur Kristinn Ólafsson, sölustjóri hjá Gunnars majónesi. Hann segir fjölgun ferðamanna á landsbyggðinni á sumrin vera helstu ástæðu söluaukningarinnar þar.



**SÓSUR Á SUMRIN** Sala á majónessósum tvöfaldast á sumrin á landsbyggðinni.

Ólafur segir sölu á hreinu majónesi hins vegar rjúka upp á öðrum tímum ársins. „Sala á majónesi eykst mjög mikið fyrir jól og páska þegar fólk býr til salöt og brauðtertur fyrir boð og fermingarveislur,“ segir Ólafur Kristinn. - lbb

Banaslys í Ölfusi:

# Talinn hafa látist samstundis

**SLYS Banaslys varð á þjóðveginum mili Hveragerðis og Þorlákshafnar til móts við Grímslæk í Ölfusi laust eftir klukkan sex í kvöld. Talið er ökumaður, sem var einn á ferð, hafi misst stjórn á bíl sínum með fyrrgreindum afleiðingum.**

**Fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni á Selfossi að ökumaður hafi verið úrskurðaður látinn á slysstað. Talið er að hann hafi látist samstundis. Að öðru leyti er ekki vitað um tildrög slyssins. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á slysstað.**

**Málið er enn í rannsókn og biður lögreglan á Selfossi alla þá sem hugsanlega kunna að hafa orðið vitni að akstri bifreiðarinnar áður en slysið varð að hafa samband í síma 480-1010. Um var að ræða græna bifreið af gerðinni Toyota Avensis.**

**Þetta er sjöunda banaslysið í umferðinni á árinu.** - kdk










## SPURNING DAGSINS



*Anna, ærast óstöðugir sjálfstæðismenn þegar þú ekur framhjá?*

„Þeir verða svolítið kindarlegir en því miður hafa þeir aldrei verið ærlegir.“

Anna Margrét Pálsdóttir er nítján ára stúlka sem ekur um á bíl sem hún hefur skreytt kindum, blómum og kosningaáróðri gegn Sjálfstæðisflokknum.

Heimsmeistaramóti íslenska hestsins er lokið og allir hestarnir hafa verið seldir:

# Þeir bestu fara á 20 milljónir

**ÍÞRÓTTIR** Allir hestarnir ellefu sem íslenska landsliðið í hestaíþróttum hafði með sér á heimsmeistaramótið í Hollandi eru seldir. Flestir knaparnir komu heim í gær en aðrir eru væntanlegir í dag.

„Það hefur alltaf gengið vel að selja hrossin enda eru þetta hágæðahross og markaðurinn er mjög opinn,“ segir Hafliði Halldórsson tamningamaður. Hann segir að gengið hafi verið frá sölu flestra hestanna áður en lagt var af stað á mótið en aðrir hafi verið seldir ytra.

„Yfirleitt eru þessir hestar seldir með þeim kvöðum að við fáum að hafa einhvern aðgang að þeim svo við getum haldið áfram okkar markaðskynningu. Við semjum þá oft um að fá þá lánaða til að fara með á sýningar og aðrar uppákomur,“ segir Hafliði. Að þessu sinni fóru flest hrossin til Noregs en nokkur voru einnig seld til Svíþjóðar og Frakklands. Íslenski hesturinn fer því víða.

Að sögn Hafliða er söluverð hrossanna æði misjafnt. Hann segir að geldingarnir hafi selst á þrjár til átta milljónir en stóðhestarnir, sem allir voru seldir áður en haldið var utan, hafi farið á 10 til 20 milljónir.

Árangur Íslendinganna var góður á mótinu en liðið vann til sex gullverðlauna, þrennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna. **- þo**



**ALLIR SELDIR** Hestarnir mega ekki koma aftur heim til Íslands og því þarf að selja þá ytra. MYND/HERDÍS REYNISDÓTTIR

Suðurkóresku gíslar talibana:

# Tveimur gíslum var sleppt í gær

**AFGANISTAN, AP Talibanar í Afganistan hafa sleppt tveimur suðurkóreskum konum úr haldi. Konunum tveimur var rænt ásamt 21 öðrum suðurkóreskum ferðamanni 19. júlí. Tveir af gíslunum voru drepnir í lok júlí.**

**Að sögn talsmanns talibana var konunum sleppt vegna þess að þær eigi við veikindi að stríða auk þess sem samningaviðræður við yfirvöld í Afganistan gangi vel.**

**Talibanar vilja að yfirvöld í Afganistan sleppi 21 talibana sem þau hafa í haldi í staðinn fyrir gíslana. Stjórnvöld í landinu hafa hins vegar sagt að þau muni ekki sleppa neinum föngum. - ifv**

Utanríkisráðherra á tvinnbíl:

# Vildi umhverfisvænni bíl

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur skipt um ráðherrabíl, og ekur nú á Lexus-tvinnbíl í stað BMW-jeppa fyrirrennara sinna. Bíllinn er með svokölluðu hybridkerfi og gengur fyrir bæði rafmagni og bensíni.

Ingibjörg talar fyrir aðgerðum gegn loftslagsbreytingum um allan heim, og þess vegna vill hún aka um á eins umhverfisvænum bíl og kostur er,“ segir Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarkona ráðherra. Nýi bíllinn er ódýrari útgáfa af Lexus-tvinnbíl en nýlegur bíll forseta Íslands, og segir Kristrún að líklega fáist meira fyrir BMW-jeppann en sem nemur kostnaði við nýja bílinn. **- bj**



**AF SLYSSTAÐ Í GÆR** Líðan þess slasaða var stöðug eftir aðgerð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Missti stjórn á hjóli sínu:

# Vélhjólamaður ók á vegstólpa

**SLYS Maður slasaðist alvarlega þegar hann missti stjórn á bifhjóli sínu á Reykjanesbraut við Vífilsstaðaafleggjara í gærdag.**

**Lögregla segir manninn hafa ekið hjólinu á steinstólpa við veginn en því næst kastaðist maðurinn á annan stólpa fyrir framan.**

**Maðurinn hlaut innvortis meiðsl og var fluttur í aðgerð á Landspítalanum í Fossvogi.**

**Að sögn læknis var líðan hans stöðug í gærkvöldi og var hann ekki í öndunarvél. - kdk**

# Íslenskt ratsjárkerfi vegna kröfu NATO

**Miklu máli skiptir fyrir Atlantshafsbandalagið að íslenska ríkið reki ratsjárkerfi áfram. NATO segir kerfið hluta af loftvörnum sem öll ríki eigi að njóta. Það yrði óheillaspor að loka kerfinu og það stendur ekki til segir forsætisráðherra.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins (NATO) gerir kröfu um að íslenska ríkið reki áfram íslenska loftvarnakerfið til að ekki myndist gat í því svæði sem ratsjár bandalagsins ná til, og til að landið hafi lágmarks loftvarnir eins og önnur NATO-ríki.

Í mati hermálanefndarinnar á varnarþörf Íslands, sem unnið var að beiðni fastaráðs NATO, kemur fram að íslenska ríkið þurfi að starfrækja ratsjárkerfi sem geti haft eftirlit með öllum flugvélum í lofthelginni, og eigi möguleika á að stýra öðrum flugvélum til móts við óþekktar flugvélar.

Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarkona Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra, segir að samþætta þurfi kerfið sambærilegum kerfum í Evrópu. Það geti tekið einhverjar vikur, en eftir það verði hægt að senda merki frá íslensku ratsjárkerfi til Danmerkur og annarra evrópska NATO-ríkja.

„Verkefni þessara stöðva eru tvíþætt, annars vegar sú hlið málsins sem snýr að Atlantshafsbandalaginu og okkar bandalagsríkjum innan þess, svo hins vegar sá þáttur sem nýtist hér til borgaralegrar starfsemi og nýtist flugmálayfirvöldum hér á landi. Ég tel að hvort tveggja sé mjög mikilvægt og ég tel að það yrði óheillaspor ef við myndum til dæmis loka þessu, sem stendur nú ekki til,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á fundi með fjölmiðlum vegna æfingarinnar Norðurvíkingur 2007, sem nú stendur yfir.



**HERÆFING** Orrustuþotur og ratsjárvél eru staddar hér á landi þessa dagana vegna heræfingarinnar Norðurvíkingur 2007. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lýst þeirri skoðun sinni að Ratsjárstofnun sem slík sé óþörf, en að lesa eigi úr merkjum frá íslensku ratsjárstöðvunum hjá Flugstoðum og vaktstöð í Skógarhlíð. Geir segir að líklega sé hægt að lesa úr hluta af upplýsingunum annars staðar en hjá Ratsjárstofnun, en varla henti að færa þann hluta sem nýtist NATO.

Kristrún segir að AWACS-ratsjárflugvélar komi ekki í staðinn fyrir ratsjá á jörðu niðri. Kostnaðurinn við hvern flugtíma sé gríðarlegur; kostnaður við hvern sólarhring sem slík vél sé notuð nemi sem samsvari allt að 80 milljónum króna. Reiknað er með að rekstur ratsjárkerfisins kosti 800 milljónir á ári, og bendir Kristrún á að sú upphæð dygði einungis fyrir tíu daga notkun á ratsjárflugvél.

Kristrún segir að vandlega hafi verið farið yfir vinnulag þegar íslenska loftvarnakerfið verði notað til að leiðbeina orrustuþotum, til dæmis á æfingum. Niðurstaðan gæti orðið sú að íslenskt starfsfólk Ratsjárstofnunar myndi ekki sinna því verki heldur sérfræðingar annarra NATO-ríkja, til dæmis Danmerkur.

**brjann@frettabladid.is**



**BYRJUÐ Í SKÓLANUM** Nemendurnir opnuðu skólatöskurnar sínar í menntaskólanum Hraðbraut í gærmorgun, viku fyrr en aðrir framhaldsskólar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Menntaskólinn Hraðbraut:

# Kennsla hafin

**MENNTAMÁL** Fyrstu framhaldsskólanemarnir opnuðu skólabækurnar sínar í gær þegar tæplega tvö hundruð nemendur mættu í skólann samkvæmt stundatöflu í Menntaskólanum Hraðbraut. Ólafur Johnson skólastjóri segir að kennslan í Hraðbraut hefjist viku fyrr en í öðrum skólum og standi lengur fram á sumarið.

Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneytinu hefst starf framhaldsskólanna á bilinu 23.-25. ágúst en alls eru um 20 þúsund nemendur skráðir í dagskóla í vetur. Þar af koma rúmlega fjögur þúsund beint úr grunnskóla. Grunnskólar hefjast einnig í lok mánaðarins. **- ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á dreng í Búðardal

Ekið var á dreng á ellefta ári í Búðardal í gær. Hann var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur en meiðsl hans voru ekki talin alvarleg. Drengurinn var á leið yfir götu á hjóli þegar slysið varð og segir lögregla að reiðhjólahjálmur hafi skipt sköpum í því að ekki fór verr.


BÍLL DAGSINS

NISSAN TERRANO II

Nýskr. 06.02 - Beinskiptur - Ekinn 95 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Hörð orðaskipti á fjögurra tíma átakafundi hjá stofnfjáreigendum í Skagafirði:

# Samruninn var samþykktur

**SKAGAFJÖRÐUR** Samruni Sparisjóðs Skagfirðinga og Sparisjóðs Siglufjarðar var samþykktur á fundi stofnfjáreigenda í Skagafirði í gær. Eftir hátt í fjögurra tíma átakafund og hörð orðaskipti var tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, 2.649 atkvæðum gegn 760. Tillaga um að auka stofnfé var felld.

Rétt er að taka fram að 98 af 120 stofnfjáreigendum mættu á fundinn, þar af greiddu 96 atkvæði. Leikar fóru þannig að 36 einstaklingar, sem fóru með mikinn meirihluta atkvæða, sögðu já en 60 nei. Þetta þýðir að minnihluti fundarmanna samþykkti samrunann.

Kristján Björn Snorrason, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Skagfirðinga, segir að samruninn verði nú tekinn fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu. Ef allt gangi eftir taki hann gildi um næstu áramót. Sparisjóðurinn muni starfa undir nafninu Sparisjóður Skagafjarðar en notuð verði kennitala Sparisjóðs Siglufjarðar.

„Hér ætla menn að spýta í og auka markaðinn,“ segir Kristján Björn og bendir á að atvinnulífið sé sterkt í Skagafirði. Strax eftir fundinn í gær var fundur í Sparisjóði Siglufjarðar. Þar átti að greiða atkvæði um samrunann og kjósa stjórn.



**HÖRÐ ORÐASKIPTI UM SAMRUNA** Átök voru um samruna sparisjóða í Skagafirði í gær en hann var þó að lokum samþykktur. FRÉTTABLAÐIÐ/FEYKIR

Hugsanlegt er að samrunaáætlunin verði kærð. Gísli Árnason stofnfjáreigandi segir umhugsunarefni að menn séu settir „í þá stöðu að hverfa frá sparisjóðum. Það er almenn óánægja með þetta í Skagafirði.“ **- ghs**


LATABÆJARHLAUPIÐ
HEITUM Á BÖRNIN Á GLITNIR.IS
Nú geta aðstandendur heitið á börnin sem taka þátt í Latabæjarhlaupinu á www.glitnir.is. Hlaupið verður haldið laugardaginn 18. ágúst fyrir framan Háskóla Íslands og er ætlað börnum 9 ára og yngri. Netskráningu lýkur kl. 20.00 fimmtudaginn 16. ágúst.
Þátttökugjöld og áheit í Latabæjarhlaupinu renna óskipt til UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.
Nánari upplýsingar og skráning á www.glitnir.is.
ALLIR SIGRA 18. ÁGÚST!
unicef
REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007
GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 07-1127

## GENGIÐ 13.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,59 | 65,91 |
| Sterlingspund | 132,00 | 132,64 |
| Evra | 89,54 | 90,04 |
| Dönsk króna | 12,041 | 12,111 |
| Norsk króna | 11,217 | 11,283 |
| Sænsk króna | 9,608 | 9,664 |
| Japanskt jen | 0,5563 | 0,5595 |
| SDR | 100,28 | 100,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,5073

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

98 milljónir heimsókna í vinsælasta verslunarkjarnann:

# Kringlan tuttugu ára

**VERSLUN** „Frá opnun eru heimsóknir í Kringluna um níutíu og átta milljónir sem gera um 327 heimsóknir á hvern Íslending á tuttugu ára tímabili,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar.

Kringlan er tuttugu ára í ár en hún var formlega opnuð 13. ágúst 1987. Afmælishátíðin var formlega sett á blaðamannafundi í Kringlunni í gær. Á fundinum var afmælisdagskráin kynnt og sögusýning opnuð. Afmælishátíðin mun standa í viku og verða uppákomur og veitingar í boði alla dagana. Á laugardaginn mun Ingibjörg Pálmadóttir afhjúpa brjóstmynd af föður sínum, Pálma Jónssyni, en hann var aðalhvatamaður að byggingu Kringlunnar. Brjóstmyndin er gjöf Ingibjargar til Kringlunnar á þessum tímamótum.

Sigurjón Örn segir að samkvæmt þeirra könnunum sé Kringlan vinsælasti verslunarkjarni á Íslandi og hún hefur haldið þeirri stöðu frá upphafi. „Þegar Kringlan var opnuð voru 64 verslanir í húsinu og af þeim eru 27 ennþá starfandi. Í dag eru 118 verslanir í Kringlunni og er það nær tvöföldun frá opnun Kringlunnar. Allt í allt eru 178 fyrirtæki með starfsemi í húsinu,“ segir Sigurjón Örn. Hann telur eina meginástæðu vinsælda Kringlunnar vera fjölbreytni í þjónustu. **- lbb**



**KRINGLAN 20 ÁRA** Svava Johansen, Örn Kjartansson og Sigurjón Örn Þórsson stilla sér upp við hlið gínu í hátísku ársins 1987. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þróunarsamvinnustofnun:

## Styrkir skáklist í Namibíu

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Þróunarsamvinnustofnun hefur veitt Skáksambandi Namibíu rúmlega 700.000 krónur að styrk til að halda Afríkumeistaramót í skák.

Búist er við um eitt hundrað þátttakendum á Afríkumótið. Sex efstu keppendurnir eiga svo möguleika á að komast í heimsmeistarakeppnina, sem haldin verður í Rússlandi síðar á árinu.

Styrkurinn er hluti af kynningarverkefni um skák sem stofnunin vinnur með Skáksambandi Íslands og Hróknum.

Á þriðja þúsund namibískra barna hafa tekið þátt í námskeiðum tengdum þessu verkefni. **- kóþ**



**VIÐURKENNING** Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, veitir Ernu Hallgrímsdóttur viðurkenningu Fiskidagsins mikla.

Fiskidagurinn mikli heiðrar:

## Erna Hallgrímsdóttir heiðruð

**FÓLK Erna Hallgrímsdóttir fiskvinnslukona var sérstaklega heiðruð á Fiskideginum mikla fyrir langan starfsaldur við fiskvinnslu. Jafnframt kom fram að hún væri fulltrúi hinna fjölmörgu fiskvinnslukvenna sem á síðustu öld unnu við misjafnar aðstæður.**

**Fiskidagurinn mikli, sem haldinn var þann 11. ágúst, hefur frá upphafi heiðrað einstaklinga eða hópa fólks sem hafa verið þátttakendur í sjávarútvegi á Dalvík.** **- lbb**



**FALLINNA MINNST Í GÆR** Þess var minnst í Berlín í gær að 46 ár eru liðin frá því að byrjað var að reisa Berlínarmúrinn. Um 1.100 manns féllu við að reyna að flýja frá Austur-Þýskalandi til vestursins á dögum kalda stríðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Var skipað að skjóta þá sem flýðu land

**Leyniþjónustan Stasi gaf landamæravörðum í Austur-Þýskalandi skipun um að skjóta þá sem reyndu að flýja til Vestur-Þýskalands. 1.100 voru drepnir við að reyna að flýja til vesturs. Þeir sem gáfu skipunina gætu verið sóttir til saka.**

**BERLÍN, AP** Austurþýskir landamæraverðir fengu skipun um að skjóta þá borgara sem reyndu að flýja frá Austur-Þýskalandi til Vestur-Þýskalands á dögum kalda stríðsins. Þetta kemur fram í skjali frá austur-þýsku leyniþjónustunni Stasi sem fannst nýlega. Fyrir sameiningu landanna árið 1990 voru 1.100 manns drepnir við að reyna að flýja frá Austur-Þýskalandi til Vestur-Þýskalands.

Flestir Austur-Þjóðverjanna voru drepnir þegar þeir reyndu að flýja landið eftir að Berlínarmúrinn var reistur árið 1961 þar til hann féll í nóvember árið 1989. Þess var minnst í Þýskalandi í gær að 46 ár eru liðin frá því að byrjað var að reisa múrinn.

Þrátt fyrir að vitað hafi verið að austur-þýskir landamæraverðir hefðu í algerri neyð mátt grípa til ofbeldis gegn þeim borgurum sem reyndu að flýja landið þá er skipun Stasi afdráttarlausari. „Ekki hika við að skjóta þá sem reyna að flýja land, þetta á einnig við um konur og börn,“ segir í skjalinu, sem er frá árinu 1973. Hubertus Knabe, yfirmaður Stasi-fangelsissafnsins í Berlín, segir að skipunin sé í reynd „leyfi til að drepa“ og að slík skipun hafi ekki fundist áður. Annar sagnfræðingur segir að fundur skjalsins bendi til að enn eigi eftir að rannsaka sögu Austur-Þýskalands til hlítar.

„Fundur þessa skjals sýnir okkur fram á það á hrikalegan hátt hversu ómannúðlegt kerfið í Austur-Þýskalandi var,“ segir Ronald Pofalla, aðalritari Kristilega demókrataflokks Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Pofalla segir að þegar þess er minnst að 46 ár eru liðin frá því byrjað var byggja Berlínarmúrinn þá sé fundur skjalsins áminning fyrir þá sem vilja gleyma því ofbeldi sem kommúnistastjórnin í Austur-Þýskalandi framdi.

Hundruð fyrrverandi austurþýskra landamæravarða hafa verið dæmdir fyrir að skjóta fólk sem reyndi að flýja til Vestur-Þýskalands á dögum kalda stríðsins, þó að flestir þeirra hafi fengið skilorðsbundna fangelsisdóma. Knabe segir að ef komist verði að því hverjir gáfu þessa skipun og fylgdu henni eftir þurfi að sækja þá til saka. **ingifreyr@frettabladid.is**

Þingnefnd vill viðræður:

## Ræði við róttæka íslamista

**LONDON, AP Bresk stjórnvöld ættu að hefja beinar viðræður við þrjú helstu samtök róttækra íslamista í Mið-Austurlöndum: Hamas, Hisbollah og Múslímska bræðralagið. Bresk þingnefnd um utanríkismál leggur þetta til í skýrslu sem kynnt var í gær.**

**Formaður nefndarinnar, Mike Gapes, sagði að nýta ætti reynsluna frá Norður-Írlandi í Mið-Austurlöndum og vísar þar til þess hvernig Írski lýðveldisherinn hvarf frá hryðjuverkastefnu sinni og hóf pólitískar viðræður við bresk stjórnvöld.**

**Skýrsluhöfundar gagnrýna hlutverk Bretlands í sniðgöngu alþjóðasamfélagsins á Hamas sem þeir segja að hafi stuðlað að falli þjóðstjórnar Palestínu.** **- sdg**

Rússneskur fjöldamorðingi:

## Ákærður fyrir að myrða 49

**MOSKVA, AP** Réttarhöld yfir fjöldamorðingjanum Alexander Pichushkin munu hefjast í næsta mánuði samkvæmt úrskurði sem dómstóll í Rússlandi kvað upp í gær.



**ALEXANDER PICHUSHKIN**

Pichushkin segist hafa drepið meira en sextíu manns í Bitsa-garðinum í Moskvu á nokkurra ára tímabili. Pichushkin merkti við einn reit á skákborði fyrir hvern mann sem hann drap. Markmið hans var að fylla alla 64 reiti skákborðsins. Yfirvöld í Rússlandi hafa hins vegar aðeins sönnunargögn til að ákæra hann fyrir 49 morð.

Ef Pichushkin verður fundinn sekur verður hann dæmdur í lífstíðarfangelsi. **- ifv**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STÍFUR AF NORÐRI**

Nú er hann lagstur í nokkuð stífar norðlægar áttir. Loftið í þessum norðanáttum á uppruna sinn langt fyrir norðan land og því er ekki hægt að viðurkenna annað en að svalt verði með norðurströndinni næstu daga og hætt við vægu næturfrosti á fjallvegum. Þessu samfara verður einhver væta norðanlands og austan en þokkalega bjart á landinu sunnan og vestanverðu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðan strekkingur. Hálf- eða léttskýjað. Hiti 9-13 stig.

um hádegi »



» á morgun



13-10 m/s suðaustan og austan til, annars hægari.

» fimmtudagur



10-15 m/s allra austast, annars hægari.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C léttskýjað | London | 20°C rigning | Friedrichshafen | 26°C skúrir |
| Billund | 22°C skúrir | París | 25°C skúrir | Basel | 27°C léttskýjað |
| Osló | 21°C léttskýjað | Amsterdam | 24°C léttskýjað | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C léttskýjað | Frankfurt | 26°C léttskýjað | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 22°C hálfskýjað | Berlín | 25°C léttskýjað | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Aftur í skólann

JEVA




## Mikið úrval af skólavörum




Vinnubók A4 línustrikuð




Skólabakpokar, frábært verð




Pennaveski á ótrúlegu verði



Skólavörur í úrvali



Vandaðar skólatöskur í úrvali



Mikið úrval af pennaveskjum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með ensku knattspyrnunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 34% |
| Nei | 66% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi?*

Segðu þína skoðun á visir.is. vísir

Helsti pólitíski ráðgjafi Bush forseta og arkitektinn að kosningasigrum hans:

# Karl Rove hefur sagt af sér

**WASHINGTON, AP** Karl Rove, aðstoðarstarfsmannastjóri í Hvíta húsinu og helsti pólitíski ráðgjafi George Bush Bandaríkjaforseta, hefur sagt af sér. Hann ætlar að hætta í lok ágúst. Rove segir að helsta ástæðan fyrir afsögninni sé að hann vilji verja meiri tíma með fjölskyldu sinni.

Rove hefur unnið með forsetanum síðan 1993, þegar Bush ákvað að bjóða sig fram sem ríkisstjóri í Texas. Bush kallar Rove „arkitektinn“ vegna þess að hann skipulagði sigur hans í tveimur síðustu forsetakosningum, árin 2000 og 2004.



**GEORGE BUSH OG KARL ROVE** Helsti pólitíski ráðgjafi Bush forseta er meðal annars umdeildur fyrir þær aðferðir sem hann hefur beitt í baráttunni við demókrata. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afsögn Roves er talin vera enn eitt áfallið fyrir Bush forseta, en frá því að Repúblikanaflokkurinn missti meirihluta sinn á bandaríska þinginu í nóvember í fyrra hafa margir háttsettir embættismenn í stjórn hans sagt af sér, auk þess sem stuðningur Bandaríkjamanna við stríðið í Írak fer dvínandi.

Dana Perino, blaðafulltrúi Hvíta hússins, segir að Rove hafi frá því í fyrra rætt við Bush forseta um hvenær væri heppilegur tími fyrir hann til að segja af sér. Rove ákvað að segja af sér núna vegna þess að starfsmannastjóri Hvíta hússins, Joshua Bolten, tilkynnti helstu samstarfsmönnum Bush að ef þeir hættu ekki fyrir 3. september þyrftu þeir að gegna störfum sínum út forsetatíð hans sem lýkur í janúar 2009. - ifv

Grunur um íkveikju á Selfossi:

# Lögreglan lýsir eftir vitnum

**LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í bílskúr við fasteignasöluna Bakka við Sigtún á Selfossi í fyrrinótt. Grunur er um að kveikt hafi verið í og biður lögregla alla þá sem veitt geta upplýsingar um mannaferðir í og við Sigtún í fyrrinótt að hafa samband við lögreglu í síma 480-1010.**

**Eldsupptökin voru við vesturgafl bílskúrsins og teygði eldurinn sig í þaksperrur þar sem þær stóðu út fyrir vegg. Tveimur bílum og bifhjóli var forðað út áður en slökkvilið kom á vettvang. Skemmdir á skúrnum voru minniháttar.** - lbb

BOÐEIND.IS
í tilefni af 20 ára afmæli
Boðeindar bjóðum við upp á ótrúleg afmælistilboð og þú gætir jafnvel unnið LCD sjónvarp!



Asus F5R 15.4”
Intel M520 - 1GB - 80GB
DVD brennari - ATI Xpress 1100
Vista Home Verð kr. 96.490,-
Staðgreiðsluverð kr. 69.900,-

Asus A6VM 15.4”
Intel Singel core - 1GB - 100GB
GeForce 7300 - DVD brennari
XP PRO Verð kr. 108.243,-
Staðgreiðsluverð kr. 89.900,-

Leyfðu okkur að veita þér faglega og persónulega þjónustu
Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Asus A8FM 14.1”
Aðeins 2,4Kg.
Intel Core Duo - 1GB - 80GB SATA
DVD brennari - Vista Business
Verð kr. 119.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 109.900,-

Leikja- og margmiðlunartölvur
Asus F3SE 15.4”
Intel Mobile Core 2 Duo - 2GB - 256MB ATI Radeon X2500
160GB SATA - DVD brennari - Vista Home Premium
Verð kr. 144.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 114.900,-

Microsoft Office OEM 2007 á aðeins kr. 9.900,- með nýrri tölvu

Asus G1S 15.4”
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate
MX518 mús Verð kr. 229.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 179.900,-



Asus G2S 17”
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate -
MX518 mús Verð kr. 249.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 199.900,-

Fartölvutaska, mús, vefmyndavél, vírusvörn og góður forritapakki fylgir öllum fartölvum frá Boðeind



Birt með fyrirvara um verðbreytingar og villur

Boðeind í 20 ár
Þar sem verð og gæði fara saman
Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - S: 588 2061 - Mörkin 6 - 108 Rvk - Verslun/verkstæði

# Æfa lofthernað og hryðjuverkavarnir

**Heræfingin Norðurvíkingur fer fram í dag. Fjögur aðildarríki NATO taka þátt. Fram fer annars vegar flugæfing og hins vegar æfing sérsveita. Hernaðarandstæðingar mótmæla að Íslendingar styðji þjálfun sama hers og réðst inn í Írak.**

**VARNARMÁL** Heræfingin Norðurvíkingur 2007 fer fram í dag. Um 300 manns koma að æfingunni, nær helmingur Íslendingar. Um 170 hermenn frá Bandaríkjunum, Danmörku, Noregi og Lettlandi eru komnir til landsins.

Æfingin er tvíþætt. Annars vegar fer fram flugæfing suðvestur af Reykjanesi yfir hafi. Þar skipta fjórar orrustuþotur liði, tvær gera árás og tvær verjast. Þær æfa að fljúga til móts við óþekkt loftfar og sviðsetja loftbardaga. Engum skotum verður hleypt af.

Hins vegar æfa sérsveitir aðgerðir gegn hryðjuverkum. Lettneskir, danskir og norskir sérsveitarmenn taka þátt í æfingunni auk Íslendinga. Sérsveitamenn síga meðal annars úr þyrlum og brjótast inn í hús. Æfingin fer fram á Keflavíkurflugvelli og í Hvalfirði og verður svæði girt af vegna hennar.



**FÉKK VEGGKLUKKU** Forsætisráðherra fékk veggklukku að gjöf frá William T. Hobbins hershöfðingja og Thomas F. Hall aðstoðarvarnarmálaráðherra (t.h.), í tilefni Norðurvíkings 2007. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Við vonum að þetta verði árleg æfing, sem byggist á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá október í fyrra,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra. Tíu flugvélar og þrjár þyrlur komu til landsins vegna æfingarinnar.

Kostnaður íslenska ríkisins vegna æfingarinnar er um 45 milljónir króna. „Ríkisstjórnin hefur séð um gestgjafahlutverkið og undirbúning æfingarinnar, sem hefur verið gerður á frekar skömmum tíma,“ segir Geir.

„Mest er greitt af þjóðunum sem taka þátt í æfingunni, Íslendingar greiða fyrir aðstæður, gistingu, mat og fleira,“ bætti Geir við. Æfingasjóður bandaríska flughersins í Evrópu greiðir hitt.

„Þessi æfing sýnir vilja okkar til að uppfylla okkar hlið varnarsamningsins frá 1951,“ segir hershöfðinginn William T. Hobbins, yfirmaður bandaríska heraflans í Evrópu.

„Ég er ánægður með að við höfum tækifæri til að sýna hæfni okkar til að vinna saman,“ segir hershöfðinginn, sem er kominn til Íslands ásamt Thomas F. Hall aðstoðarvarnarmálaráðherra í tilefni æfingarinnar.

steindor@frettabladid.is

## MÓTMÆLA VOPNABURÐI HERMANNA

„Meginþorri Íslendinga hefur ítrekað lýst andstöðu sinni og andstyggð á Íraksstríðinu,“ segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. „Okkur finnst því fáránlegt að íslensk stjórnvöld skuli hafa forgang um að bjóða þessum sama her hingað til þess að æfa vopnaburð.“

Samtökin standa fyrir mótmælum klukkan 17 í dag fyrir utan norska sendiráðið við Fjólugötu, en þaðan verður gengið til sendiráða aðildarlanda heræfinganna og mótmælt.



STEFÁN PÁLSSON

„Menn eru að reyna að réttlæta heræfingar með að þetta snúist um aðra hluti, löggæslu, öryggismál og almannavarnir,“ segir Stefán. „Augljóslega er í því skyni betra að styrkja lögregluna og landhelgisgæsluna, frekar en að borga undir æfingar hjá erlendum dátum.“



**NÝTT SKIP TIL EYJA** Bergey VE 544 bættist í flota Vestmannaeyinga í gærkvöldi, og var fjöldi fólks saman kominn á bryggjunni til að taka á móti skipinu. Bergey er í eigu útgerðarfélagsins Bergs-Hugins, smíðuð í Póllandi, og er systurskip Vestmannaeyjar VE 444 sem útgerðarfélagið fékk afhent í mars síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Mikið úrval af skólatöskum fyrir stelpur og stráka

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Bakpoki 15 ltr./bleik kisa **10.980 kr.**
*JE313-48*

Bakpoki 18 ltr./bleik stelpa **10.980 kr.**
*JE308-46*

Bakpoki 15 ltr./bleik stelpa **10.980 kr.**
*JE313-46*

Bakpoki 22 ltr./bleik prinsessa **9.980 kr.**
*OLB130221*

Bakpoki 28 ltr./rauður **8.980 kr.**
*OLB5640281*

Bakpoki 18 ltr./rautt hjarta **10.980 kr.**
*JE40168*

Sundpoki, margir litir **Verð frá 845 kr.**



Bakpoki 18 ltr./svartur **10.980 kr.**
*JE40171*

Bakpoki 30 ltr./svartur m/orange **8.980 kr.**
*OLB56501*

Bakpoki 30 ltr./svartur **11.980 kr.**
*OLB23130*

Bakpoki 12 ltr./svartur fótbolti **9.980 kr.**
*OLB427120*

Bakpoki 22 ltr./svartur bíll **9.980 kr.**
*OLB130220*

Bakpoki 28 ltr./svartur graffiti **8.980 kr.**
*OLB5640280*

## Ertu tilbúin/nn í skólann?

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

Allt fyrir ástina
með Páli Óskari
sem hringitónn
Hringitónar
Það er Síminn

Gangi allt að óskum verður lokið við uppskiptingu Samvinnutrygginga í október:

# Fjölskyldur fá um 100 þúsund

**FJÁRMÁL** Einstaklingar og fjölskyldur sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum mega eiga von á í kringum hundrað þúsund króna greiðslu að meðaltali þegar félaginu verður skipt upp síðar í ár. Lögmaðurinn Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndarinnar, segir að þetta sé niðurstaða stikkprufa sem teknar hafa verið.

Fyrirtæki muni fá talsvert hærri greiðslur, einfaldlega vegna þess að þau greiddu hærri iðgjöld. Kristinn segir að ekki hafi verið teknar saman upplýsingar um það hversu stór hluti heildarfjárins mun renna til fyrirtækja og hversu mikið til fjölskyldna. Greiðslurnar munu verða á formi hlutabréfa í Gift, dótturfélagi Samvinnutrygginga.



KRISTINN HALLGRÍMSSON

Rúmlega 40.000 manns eiga rétt á greiðslum.

Frestur til að skila inn kröfulýsingu rennur út 3. september og mun skiptanefndin skipta félaginu eftir að hafa farið yfir þær. „Það á þó enginn að þurfa að gera kröfu,“ segir Kristinn. „Það er ekki nema menn séu með einhverjar afbrigðilegar kröfur eða hafi grun um að það sé eitthvað óeðlilegt í skráningunni.“

Ef allt gengur að óskum má búast við að lokið verði við skiptinguna í október og að þeir sem rétt eiga á greiðslum fái þær í hendur þá. **- sh**

-2 kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is
ÓB ódýrt bensín
www.ob.is
Himinn og haf / SÍA

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í olíupolli

Greiðlega gekk að slökkva eld sem kviknaði í olíupolli við bifreið fyrir utan veitingastað við ósa Ölfusár í gær. Eldurinn náði ekki að breiðast yfir í bílinn. Eldri mann sem var í bílnum sakaði ekki.

## BANDARÍKIN

### Fjögurra enn saknað

Kafarar leita enn fjögurra líka í Mississippi-fljótinu í Minneapolis eftir að brú hrundi þar í byrjun mánaðarins. Í gær fundu þeir eitt lík, og hefur tala látinna því hækkað upp í níu. Kafarar hafa leitað í rústunum og í ánni í tólf daga.



**MIÐBORGIN UM HELGI** Lögreglustjóri segir ómenningu þrífast í miðborginni að nóttu til um helgar og ásýnd hennar vera ömurlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Vill láta stytta opnunartíma skemmtistaða

**Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins vill stytta opnunartíma skemmtistaða í miðborginni og dreifa þeim milli hverfa. Borgarfulltrúar segja það illgerlegt.**

**REYKJAVÍK** „Það er ekkert laungungarmál að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða þennan allt að því óhefta opnunartíma,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, um afgreiðslutíma skemmtistaða í miðborg Reykjavíkur.

Stefán segir nauðsynlegt fyrir borgaryfirvöld að endurskoða stefnu í málefnum skemmtanalífs í miðborginni og hyggst boða fulltrúa borgarinnar og skemmtistaða á sinn fund til að ræða mögulegar úrlausnir.



STEFÁN EIRÍKSSON

Stefán segir það vera í höndum borgaryfirvalda að ákvarða opnunartíma staðanna og hvar megi staðsetja þá. „Þeir sem eru eldri en tvævetur í skemmtanalífinu þekkja skemmtistaði sem ekki voru staðsettir í íbúðahverfum,“ segir Stefán og nefnir Klúbbinn, Hollywood og gamla Broadway í Breiðholtinu sem dæmi.

Stefán segir fjölgun ofbeldisbrota í miðborginni síðasta ár vera hluta af vandanum, en þó vegi ásýnd miðborgarinnar einnig þungt. „Það eru engin merki um að það sé stórkostleg breyting að verða þegar um fjölgun ofbeldisbrota er að ræða, til lengri tíma litið við svo á að þeim sé að fækka,“ segir Stefán. „En það eru allir sammála um að ástandið sé ekki gott.“

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi og formaður Miðborgar Reykjavíkur, segist ósammála Stefáni um að dreifa skemmtistöðum. „Ég sé ekki með hvaða hætti það yrði gert. Það er skemmtilegur blær yfir miðborginni um helgar og það er meðal annars vegna veitingastaðanna.“

Júlíus segist að öðru leyti ánægður með áherslur og starfsaðferðir nýs lögreglustjóra. Hann segir rekstraraðila í miðborginni helst kvarta yfir að lögreglan sé ekki nógu sýnileg.

„Ég er í aðalatriðum ánægður með að menn séu að taka við sér,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar. Hann segir Samfylkinguna lengi hafa krafist aukinnar löggæslu í miðborginni.

„Opnunartíminn var gefinn frjáls til að vinna gegn hópasöfnun, sem var mikið vandamál með tilheyrandi rúðubroti og ofbeldi. Það þótti gefast vel. Kannski eru margir búnir að gleyma ofbeldinu eins og það var áður en það var gert.“

steindor@frettabladid.is

## FÆRANLEG LÖGREGLUSTÖÐ

„Það er í rauninni bara stór bíll,“ segir Stefán um fyrirbærið „færanlega lögreglustöð“. „Í Stokkhólmi eru þeir búnir að breyta húsbíl í lögreglustöð, fara með hann milli staða og eru með sitt eftirlit frá þessari færanlegu lögreglustöð. Þeir koma henni fyrir í miðborginni eða þar sem þörf er fyrir aukna löggæslu.“ Stefán segir þetta hafa gefið góða raun og gæti gagnast í miðborginni um helgar. Í bílnum er aðstaða til yfirheyrslu og skýrslutöku, en enginn fangaklefi. Öll meiriháttar mál þyrfti þó áfram að afgreiða á hefðbundinni lögreglustöð.



Aðgangur að yfir 1100
bíómyndum með einum
takka á fjarstýringunni
Sjónvarp Símans
Það er Síminn






Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Að vinna heima
þegar það hentar
Fjarvinnulausnir
Það er Síminn

Ástæða þess að verin eru ekki meðal fyrirhugaðra tilnefninga á heimsminjaskrá:

# Þjórsárver skorti verndun

**HEIMSMINJAR** „Skráin var búin til af fagfólki fyrir kosningar. Þá voru Þjórsárver ekki nægilega vernduð til að geta verið á henni,“ segir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, fráfarandi formaður heimsminjanefndar.

Álfheiður Ingadóttir þingmaður hefur gagnrýnt að Þjórsárver séu ekki á nýkynntri yfirlitsskrá um fyrirhugaðar tilnefningar til heimsminjaskrár UNESCO. Sagði hún í fréttum Stöðvar tvö að þetta benti til þess að haldið yrði áfram með Norðlingaölduveitu og virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Ragnheiður telur að Þjórsárver eigi fullt erindi á skrána. Það sé hins vegar núna fyrst, eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um verndun á svæðinu, sem forsendur eru til að setja hana þangað. Hefði sú yfirlýsing komið fram tímanlega hefði fráfarandi nefnd lagt til að verin yrðu sett á skrána.



**ÞJÓRSÁRVER** Verunum mætti bæta við skrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar til heimsminjaskrár UNESCO, segir fráfarandi formaður heimsminjanefndar. MYND/ÚR SAFNI

„Stjórnvöld verða sjálf að setja lög til að vernda staðina. Verin voru aðeins vernduð að hluta til og sú verndun var ekki nógu sterk,“ segir hún.

Nýskipuð heimsminjanefnd hefði getað breytt skránni og bætt verunum við, en það hefði verið tímafrekt, að mati Ragnheiðar. Farsællegast hafi verið að koma skránni út, svo vinna að tilnefningunum geti haldið áfram. Verunum megi bæta við seinna. - kóþ

# Smjör hefur hækkað um 142 prósent

**Heimsmarkaðsverð á hráefni í mat hefur hækkað gríðarlega og má búast við verðhækkun á innfluttum vörum. „Evrópubúar hafa ekki horfst í augu við jafnmiklar verðhækkanir um langt árabil,“ segir framkvæmdastjóri FÍS.**

**MATARVERÐ** Heimsmarkaðsverð á hráefni í mat hefur hækkað verulega á þessu ári. Þannig hefur til dæmis verð á smjöri hækkað um tæp 142 prósent frá því í byrjun ársins og hefur hækkunin verið sérstaklega mikil í júní og júlí. Heildsalar hafa tilkynnt fyrirhugaðar hækkanir vegna þessa, til dæmis á pasta, kexi og kökum.

Marteinn Magnússon, markaðsstjóri hjá Eggerti Kristjánssyni, segir að verð á smjöri hafi haldist á bilinu 2.400-2.900 evrur tonnið á árunum 2005-2006 en á þessu ári hafi orðið skörp hækkun og nú sé verðið komið upp í 4.000 evrur tonnið. „Þetta er gríðarlega mikil hækkun,“ segir hann.

Verð á hveiti, sem var um 110 evrur á tonnið í ársbyrjun 2006, er nú komið upp undir 195 evrur á tonnið. Búist er við hækkun á fleiri lykilvörum eins og kaffi, kakói, korni og olíu á næstunni. Þá er þrýstingur á verðhækkun á frystu grænmeti.

Marteinn segir að verðhækkun á smjöri á erlendum mörkuðum hafi ein og sér engin gríðarleg áhrif hér á landi en þó muni sjá þess greinileg merki í vörum eins og innfluttu frystu smjördeigshorni, eða „croissant“ eins og það heitir á frönsku.

Rúmlega helmingur þess sé hveiti og fjórðungur smjör. „Þegar 77 prósent af hráefninu hækka í verði og það ekkert lítið þá er það mikil breyting,“ segir hann.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri FÍS, segir að um árabil hafi ekki verið eins miklar hækkanir á hráefnismarkaði í Evrópu og nú. Ástæðurnar séu margar, fyrst og fremst afbrigðilegt veðurfar undanfarna mánuði.

Þá eigi sér stað velmegun í Kína og á Indlandi þannig að eftirspurn eftir hefðbundinni matvöru Evrópubúa hafi stóraukist í þessum löndum.

„Evrópusambandið hefur líka verið að draga markvisst saman framleiðslu á alls konar landbúnaðarvörum, til dæmis smjöri. Þegar framleiðslan á slíkri vöru minnkar þá hækkar verðið á þeim.

Í heildina er ástandið þannig að Evrópubúar hafa ekki horfst í augu við jafnmiklar verðhækkanir um langt árabil,“ segir Andrés.

„Kaupmenn sjá fram á að þessi verðbreyting sé til langframa. Ef gengið í ofanálag þróast í átt til hækkunar þá hlýtur þetta að hafa áhrif hér fyrr eða síðar,“ segir hann.

Innflutt matvara er hátt í þriðjungur af matarkörfu Íslendinga.

ghs@frettabladid.is




## SMJÖRDEIGSHORN




**54 prósent hveiti**
**23 prósent smjör**

Samtals **77 prósent** af hráefninu í smjördeigshorni hafa hækkað í verði upp á síðkastið.



**AFBRIGÐILEGT VEÐURFAR** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri FÍS, segir að afbrigðilegt veðurfar og aukin velmegun í Kína og Indlandi hafi áhrif á hráefnisverð á alþjóðamörkuðum.




Sama mínútuverð í 30 helstu
viðskiptalöndum og innanlands
Þú í útlöndum
Það er Síminn

# SJÓNVÖRP

allt að 37% afsláttur

## HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 50% afsláttur

# ÞVOTTAVÉLAR

allt að 29% afsláttur

## ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

# HLJÓMTÆKI

15% afsláttur

allt að 70% afsláttur

## SMÁTÆKI

# OFNAR HELLUBORÐ

allt að 46% afsláttur

# ÚTSALAN ER HAFIN!

# ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good

Sérsniðnar samskipta-lausnir fyrir þitt fyrirtæki
Fyrirtækjaþjónusta
Það er Síminn

Ríkisstjórn Póllands hefur ekki þingmeirihluta og kosningar verða haldnar í haust:

# Fjórir ráðherrar voru reknir

**VARSJÁ, AP** Fjórir ráðherrar úr minni stjórnarflokkunum tveimur voru reknir úr ríkisstjórn Póllands í gær. Ríkisstjórn Póllands hefur því misst meirihluta sinn á þingi og verða haldnar kosningar í landinu í haust, tveimur árum fyrr en áætlað var. Þar með er bundinn endi á stormasamt stjórnarsamstarf Laga- og réttlætisflokks Jaroslaws Kaczynski, forsætisráðherra landsins, og Bandalags pólskra fjölskyldna og Sjálfsvarnarflokksins.

Jaroslaw og tvíburabróðir hans, Lech forseti, tilkynntu þetta á blaðamannafundi í Belvedere-höllinni í Varsjá í gær.



**JAROSLAW OG LECH KACZYNSKI** Pólski forsætisráðherrann í Varsjá í gær. Tvíburabróðir hans, forsetinn Lech Kaczynski, er við hlið hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki lengur meirihluta á þingi gæti reynst erfitt fyrir hana að koma lögum í gegnum þingið. Á næstunni verður meðal annars kosið um hvort leyfa eigi Bandaríkjunum að byggja eldflaugavarnakerfi í landinu.

En það gæti komið sér illa fyrir Laga- og réttlætisflokkinn að kosningarnar yrðu haldnar í haust því samkvæmt skoðanakönnunum nýtur hann minna fylgis en Borgaraflokkurinn, helsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Ef flokkurinn tapar í kosningunum mun það binda enda á þær einstöku sögulegu aðstæður sem nú eru í Póllandi: að tvíburabræður gegni tveimur valdamestu embættum í ríki. - ifv




ÍSLENSKA SIA.IS SGB 38165 07/06

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.

íslenskar garðplöntur

## BANDARÍKIN

### Skapvondur fíll deyr

Næstelsti fíll í Norður-Ameríku dó í gærmorgun í dýragarðinum í Texas. Fíllinn var 49 ára gamall og hafði verið á geðlyfjum frá árinu 2005. Að sögn starfsmanna dýragarðsins hafði hann verið skapvondur og daufur og brugðu þeir því á það ráð að blanda lyfjunum í morgunmatinn hans.

Forsetinn fagnaði í kyrrþey:

# Castro varð 81 árs í gær

**HAVANA, AP Fidel Castro Kúbuforseti varð 81 árs í gær. Castro varði deginum í kyrrþey á óþekktum stað, annað árið í röð.**



**FIDEL CASTRO**

**Engin opinber hátíðahöld voru á Kúbu til að fagna afmæli forsetans og ekki var búist við því að hann kæmi fram opinberlega.**

**Raul Castro hefur gegnt forsetaembættinu síðastliðið ár í fjarveru Fidels bróður síns sem hefur verið að jafna sig af veikindum. Talið er að Raul sé líklegri en Fidel til að breyta kommúnísku stjórnkerfi landsins en ekki er gert er ráð fyrir að hann geri það á meðan forsetinn er enn á lífi.** - ifv

# Engu munaði að lögreglan skyti manninn

**Engu munaði að lögreglumaður hefði skotið óðan byssumann í september í fyrra. Við aðalmeðferð sagðist maðurinn saklaus af árás á lögreglumenn.**

**DÓMSMÁL** Tveir lögreglumenn úr sérsveit Ríkislögreglustjóra sögðu fyrir dómi í gær að litlu hefði mátt muna að þeir hefðu skotið óðan byssumann í Elliðaárdal í september í fyrra. Aðalmeðferð fór fram í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli mannsins, sem ákærður er fyrir að hafa skotið úr haglabyssu í íbúðahverfi, barið lögreglumann í hnakkann með byssuskeftinu og hótað öðrum lögreglumanni með því að beina hlaupi byssunnar í átt að honum.

Maðurinn, 43 ára leigubílstjóri, játaði fyrstnefnda sakarefnið en sagðist alsaklaus af hinum tveimur. „Ég hef aldrei slegið mann alla mína ævi,“ sagði maðurinn, sem á ekki sakaferil að baki. Hann sagðist ennfremur aldrei hafa beint byssuhlaupi að manni. „Og mun aldrei gera það.“ Maðurinn er reyndur byssumaður.

Maðurinn hafði verið í samkvæmi á heimili sínu í Breiðholti. Upp spruttu deilur og lauk þeim þannig að hann sótti byssuna og sagðist ætla út að svipta sig lífi. Hann hafði verið afar þunglyndur lengi áður, og var talsvert ölvaður umrætt kvöld.

Bróðir hans hljóp hann uppi í þeim tilgangi að stöðva hann, og skaut maðurinn þá skoti í götuna. Þeir héldu því næst í átt að Elliðaárdalnum. Lögregla hafði þá hafið leit að þeim og tveir sérsveitarmenn fundu þá í Elliðaárdalnum.

Þegar mennirnir urðu lögreglu varir tóku þeir á rás inn í skóglendi, með sérsveitarmennina á hælunum. Annar sérsveitarmaðurinn fullyrðir að byssumaðurinn hafi setið fyrir sér í myrkrinu og barið hann af afli í hnakkann með byssuskeftinu. „Ég heyrði andardrátt við hliðina á mér, leit við og sá að hann hafði reitt byssuna til höggs.“ Maðurinn segir



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Áhöld voru um það hvort maðurinn vissi að byssan var óhlaðin í átökunum við lögreglu.

þetta rangt. Mögulega hafi lögreglumaðurinn þó rekist á skaftið.

Sérsveitarmaðurinn sem höggið fékk á hnakkann sagðist hafa rúllað niður brekku og þegar hann náði áttum hafi hann dregið upp skammbyssu sína og miðað á manninn. Hann hefði skotið manninn í brjóstið – en ljós bolur hans var eini greinilegi hluti á líkama hans vegna myrkurs – ef félagi hans hefði ekki komið að og tekist á við manninn um haglabyssuna. Hinn lögreglumaðurinn tók í sama streng. „Hefði hann verið lengra frá mér þegar hann sneri sér að mér þá ... ja, okkar þjálfun gengur út á að beita vopninu.“

Maðurinn var yfirbugaður og færður í fangageymslur þar sem hann lét öllum illum látum og skaðaði sjálfan sig. Þriðji lögreglumaðurinn sagði fangaklefann hafa verið alblóðugan eftir aðfarirnar.

Jón Höskuldsson, verjandi mannsins, sagði seinni tvö sakarefnin ósönnuð. Myrkrið hafi verið slíkt að sérsveitarmennirnir hefðu ómögulega getað áttað sig aðstæðum. Fram kom fyrir dómnum að maðurinn, sem er fjölskyldumaður, hefði leitað sér hjálpar og breytt um líferni. stigur@frettabladid.is



Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð 17.400 kr. miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu.

Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst.

Nánar á www.vr.is

Gleðilegt sumar!
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti VR

Karlmenn!
Vantar sjálfboðaliða fyrir videotökur vegna dansverks.
Vantar karlmenn sem þora að sýna; andlit, hendur, líkamsvöxt, kynfæri.
Allar stærðir, breiddir og gerðir velkomnar!
Ekki er farið fram á að allir sjálfboðaliðar sýni alla líkamshluta.
Tökur fara fram helgina 25.-26.ágúst nk.
Áhugasamir hafið samband við:
darradadans@yahoo.com
Farið verður með upptökur sem trúaðarmál.




Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið starfsnáms okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

### *Skrifstofu- og tölvunám*
258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Fjármál og rekstur*
132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. september

### *Sölu- og markaðsnám*
264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Skrifstofunám & hönnun*
414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Sölunám & hönnun*
420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Skrifstofu- og rekstrarnám*
462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*
396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

## BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### *Grunnnám í bókhaldi*
108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### *Navision viðbótarnám*
24 stundir - Verð: 31.000.-
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Mjög góð námskeið fyrir byrjendur og einnig þá sem hyggja á nám í margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

### *Auglýsingatækni*
156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 10. september

### *Photoshop Expert*
72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 7. nóvember

### *Photoshop grunnnám*
30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöldnámskeið byrjar 5. september

### *Myndbandavinnsla – Adobe Premiere*
36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

## SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

### *Tölvuviðgerðir*
72 stundir - Verð: 105.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### *MCP XP netstjórnun*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### *MCSA 2003 netstjórnun*
150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið byrjar 8. september

### *Kerfisstjórinn*
180 stundir - Verð: 233.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### *Forritun og kerfisfræði*
240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. september

### *MCDST DIPLOMANÁM*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 18. september

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### *Tölvunám - fyrstu skrefin*
30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 25. september
Kvöldnámskeið byrjar 24. september

### *ECDL-tölvunám*
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 11. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

**INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2007 STENDUR YFIR!**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv




Gildir 14. ágúst á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.
Ítölsk margerita pizza 2 í pk.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/pk.
Beyglur 3 tegundir
99 kr/stk.
Appelsínusafi
99 kr/pk.
Holta kjúklingavængir
99 kr/pk.
Pagen kanilsnúðar
99 kr/stk.
Mexíkó-, papriku- og Jalapeno ostur
99 kr/stk.
Bomba orkudrykkur
99 kr/pk.
Nóa Tromp bitar 150gr
99 kr/pk.
Haust hafrakex
99 kr/kg.
Íslenskir tómatar
99 kr/kg.
Klementínur
99 kr/pk.
GK ís 1 lítri
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Greint á milli hagsmuna og hugsjóna:

## Já, já; nei, nei

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Smám saman berast fréttir af viðbrögðum sjávarútvegsfyrirtækja í kjölfar þorskverndunarinnar. Stærri fyrirtæki hafa um margt meira svigrúm til innbyrðis hagræðingar en þau minni. Þar koma vel í ljós kostir þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað liðna tvo áratugi.

Engum sem fylgist með gat því komið á óvart þegar stærsta sjávarútvegsfyrirtækið í Reykjavík gerði opinberlega grein fyrir hagræðingaráformum sínum. Viðbrögð þeirra sem fara með forystu Faxaflóahafna eru um margt athyglivert; aukheldur að þeim einum komu ráðagerðirnar í opna skjöldu.

En af þessu tilefni hafa stjórnendur Faxaflóahafna ítrekað fyrri stefnu um uppbyggingu nýrrar hafnaraðstöðu til löndunar á fiski, áform um að úthluta nýjum lóðum til fiskvinnslustöðva, viðræður um að draga sjávarútvegsfyrirtæki utan af landsbyggðinni til Faxaflóahafna og kallað eftir peningnum úr ríkissjóði til að geta gert áformin að veruleika.

Almennt má segja að slík áformalýsing sé í góðu samræmi við hefðbundin viðbrögð kappsfullra sveitarstjórnarmanna. En við fyrstu sýn virðist hún á hinn veginn skjóta skökku við ræðu formanns stjórnar Faxaflóahafna sem hann flutti í nafni þeirrar stöðu sinnar á sjómannadaginn fyrr í sumar. Þó er ekki öldungis víst að svo sé.

Í sjómannadagsræðunni var boðskapurinn allt annar. Formaðurinn minnti þar á að nýir tímar væru gengnir í garð og lagði beinlínis til að fiskistofnarnir yrðu framvegis nýttir til að skjóta sterkari stoðum undir byggðir sem standa höllum fæti í landinu.

Á þessum vettvangi var vel tekið í þá frumhugmynd sem þarna var lýst. Faxaflóahafnir geta einfaldlega upp á eigin spýtur lagt slíkri þróun lið með því að takmarka löndun á fiski og stöðva framboð á lóðum fyrir fiskvinnslu. Með því móti mætti í verki gefa veikari byggðum forgang að nýtingu fiskistofnanna í atvinnuskyni.

Nú nokkrum vikum seinna upplýsir formaður stjórnar Faxaflóahafna að hann eigi í viðræðum um að draga fiskvinnslu til Reykjavíkur. Dæminu hefur alveg verið snúið við. Faxaflóahafnir ætla beinlínis að nýta sér efnahagslega yfirburði til þess að veikja landsbyggðina enn meir.

Formaðurinn lítur ekki svo á að í þessu felist þversögn og því síður stefnubreyting. Málið sé einfaldlega þannig vaxið að stjórnmálamenn þurfi að greina á milli hagsmuna þeirra fyrirtækja sem þeir vinna fyrir og hugsjóna sinna. Hér verður einlægt og snoturt hjartalag að baki slíkum orðum ekki dregið í efa fremur en í sjómannadagsræðunni.

Í bók bókanna er þessi texti: „En þegar þér talið, sé já yðar já og nei sé nei.“ Lýðurinn nam þessi orð þegar spámaðurinn talaði til hans ofan af fjallinu. Þau hafa staðið í tvær þúsaldir án þess að tilraun hafi verið gerð til að hnekkja einföldum og skýrum boðskap þeirra.

Þegar nú er talað ofan úr hásæti Faxaflóahafna er komið öfugt formerki á boðskapinn: Já skal ýmist vera já eða nei og nei ýmist nei eða já eftir þeim atvikum sem sá einn er í hásætinu situr hefur öðlast vit og þroska til að greina á milli.

Þetta er allt skýrt. Vandinn snýr einungis að lýðnum. Hann er ekki í sömu aðstöðu og formaðurinn til að vita hvort ræða dagsins er hugsjón eða hagsmunir. Sú vitrun hins nýja tíma hefur ekki hlotnast öllum lýðnum. Mörgum finnst því enn að ábyrgð skuli fylgja orðum: já sé já og nei sé nei.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 44

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, fagnaði ásamt mörgum öðrum komu nýs togara til Eyja í gær. Lagði hann áherslu á að togarinn myndi leggjast að bryggju klukkan 18.44. Magnús hefur nefnilega lýst því yfir að talan 44 hafi fært honum og fjölskyldu hans gæfu. Bílnúmer, símanúmer og tímasetningar hans innihalda oftast töluna 44. Eignarhaldsfélagið hans heitir MK44. Hann afhenti sjálfur bíl númer 4.544 úr Toyota klukkan 13.44. Þá átti einn starfsmaður fyrirtækisins líka 44 ára afmæli. Togarinn fær nafnið Bergey og skráningarnúmerið er auðvitað VE 544.



### Þyrlan

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum þá keypti Magnús Kristinsson þyrlu til að geta sinnt störfum sínum uppi á landi og í Vestmannaeyjum með góðu móti. Þá á hann líka sumarbústað í Biskupstungum og er þetta kallaður þyrluþríhyrningurinn; Reykjavík, Vestmannaeyjar og Biskupstungurnar. Og Eyjamenn vita hvenær Magnús er á ferðinni því slátturinn í þyrluspöðunum heyrist vel úr háloftunum. Einhverjir kynnu að spyrja sig hvort raddir öfundar séu ekki háværar þegar einn maður berst svo á í litlu plássi. Kunnugir segja flesta taka þessu vel enda Magnús vel liðinn. Hann hafi líka aðstoðað marga í gegnum árin þótt þau verk rati ekki endilega í fjölmiðla.

### Sannfæringin

„Hver og einn verður auðvitað [...] að aðskilja sínar persónulegu skoðanir frá því umfjöllunarefni sem hann sinnir. Þannig að ég get sem stjórnmálamaður tekið þátt í þjóðfélagsumræðu og haft skoðanir á tilteknum málum, en sinnt kjörnum störfum mínum fyrir almenning í landinu, og skilið þar á milli með mjög einföldum hætti,“ sagði Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, í Fréttablaðinu á laugardaginn. Afstaða þessa öfluga stjórnmálamanns gæti þvælst fyrir honum færi hann á þing. Samkvæmt stjórnarskránni eru alþingismenn nefnilega aðeins bundnir við sannfæringu sína.



bjorgvin@frettabladid.is

# Samgöngur við Eyjar



RÓBERT MARSHALL

ÍDAG | Samgöngumál

Í júní á síðasta ári skilaði starfshópur þáverandi samgönguráðherra skýrslu um samgöngur til Vestmannaeyja. Starfshópurinn gerði að tillögu sinni að skoðuð yrði nánar sú lausn að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru. Starfshópnum var meðal annars falið að gera úttekt á möguleikanum á því að gera jarðgöng til Vestmannaeyja. Hópurinn komst að þessari niðurstöðu varðandi jarðgöng:

„Raunhæfar kostnaðartölur, sem fram hafa komið varðandi gerð vegtengingar milli lands og Vestmannaeyja, er á bilinu 40-70 milljarðar króna. Þótt farið væri í auknar rannsóknir, meðal annars kjarnaboranir, mundu þær rannsóknir ekki breyta nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að kostnaðartölur færu undir 40 milljarða króna. Þá er eftir að reikna með rekstrarkostnaði ganganna en samkvæmt skýrslu Línuhönnunar og Mott MacDonald, sem skilað var haustið 2003, var rekstrarkostnaður jarðganga milli lands og Eyja áætlaður um 200 m. kr. ári. Með vísan til þessa telur starfshópurinn ekki réttlætanlegt að leggja til að farið verði í frekari rannsóknir við að skoða möguleikann á gerð jarðganga milli lands og Vestmannaeyja.“

**Ægisdyr**

Í starfshópi þessum sat Ingi Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og formaður Ægisdyra, sem nú saka ríkisstjórnina um að hafa svikið Eyjamenn. Ingi Sigurðsson gerði engan fyrirvara við ofangreinda tilvitnun og raunar skýrsluna alla. Hann sat ekki hjá við afgreiðslu hennar, bókaði ekki mótmæli, skilaði ekki séráliti heldur skrifaði undir skýrsluna. Ingi taldi ekki réttlætanlegt að leggja til að farið yrði í frekari rannsóknir fyrir 14 mánuðum en telur nú að ríkisstjórnin hafi svikið Eyjamenn vegna þess að hún fór að ráðum hans. Allir sjá að þessi málflutningur stenst ekki skoðun. Hann er óvandaður og þarfnast skýringa. Ásakanir um svik eru gífuryrði sem standast ekki. Það voru allir sammála um fyrir síðustu kosningar að ljúka bæri rannsóknum á jarðlögum enda töldu menn að kostnaður við þær væri á bilinu 20 til 50 milljónir. Allir biðu eftir skýrslu verkfræðistofunnar VST með óháðu kostnaðarmati á rannsóknum annars vegar og gangagerð hins vegar til þess að unnt væri að meta næstu skref. Kostnaður við gangagerð er svo hár að fjáraustur í rannsóknir, sem gætu kostað hátt í þrjú hundruð milljónir, er ekki forsvaranlegur.

**Staðreyndir málsins**

Hlutverk VST var að fara yfir þau gögn sem fyrir liggja um málið og koma með hlutlaust kostnaðarmat. Það var það sem stofan gerði og nú liggur niðurstaðan fyrir. Kostnaður við jarðgöng er á bilinu 50 til 80 milljarðar og frekari rannsóknir gætu hugsanlega lækkað þennan kostnað um tíu prósent. Þess vegna var sú ákvörðun tekin af ríkisstjórninni að tillögu Kristjáns L. Möller, samgönguráðherra, að horfið yrði frá áformum um jarðgöng til Vestmannaeyja. Þess vegna eru frekari rannsóknir á þessu stigi málsins óþarfar og vond meðferð á fjármunum almennings. Það kann vel að vera að ráðist verði í jarðagangagerð til Vestmannaeyja á næstu áratugum. En það er ljóst í dag að slík áform eru ekki inni í langtímaáætlunum ríkisstjórnar Íslands næstu 12 árin. Þangað til verða Eyjamenn að fá lausn sinna samgöngumála, það þolir enga bið eins og allir vita. Þess vegna er gott að samgönguráðherra náði að höggva á þann hnút sem kominn var í viðræður Vegagerðar og Eimskips varðandi fjölgun ferða næstu þrjú árin. Og þess vegna er það lífsnauðsynlegt fyrir Eyjamenn að sameinast um það að fá góða höfn í Bakkafjöru, öflugan og traustan Herjólf sem getur siglt á milli Eyja og Bakkafjöru 5-6 sinnum á dag fyrir lægra fargjald en nú er. Þessi stórkostlega samgöngubót getur orðið að veruleika að þremur árum liðnum en til þess að svo verði verða Eyjamenn að þekkja sína skjaldarliti og standa sameinaðir um þann kost sem er raunhæfur og til heilla.

Höfn í Bakkafjöru mun hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu í Eyjum og þar með styðja við vöxt ferðaþjónustu í Rangárþingi og nágrenni og uppsveitum Árnessýslu. Nýbreytni í atvinnulífi mun aukast. Fasteignaverð í Eyjum mun hækka, möguleiki brottfluttra Eyjamanna til tvöfaldrar búsetu stóreykst og líkur eru til þess að mannfjöldaþróun færist nær því sem er á nágrannasvæðum og að hægja muni á margra ára fólksfækkun. Í skýrslu stýrihóps um Bakkafjöru sem byggð er á fjölmörgum rannsóknarskýrslum er meginniðurstaðan sú að gerð ferjuhafnar sé vel möguleg og færð eru fyrir því ítarleg rök.

Ég hvet því fólk til þess að hlusta ekki á dómsdagspámenn á borð við Grétar Mar Jónsson sem segir slíka höfn hættulega en færir engin rök fyrir því önnur en að hann hafi verið á sjó. Slíkur málflutningur heldur ekki vatni.

*Höfundur er aðstoðarmaður samgönguráðherra.*

# Námsmenn fá frítt í strætó

**UMRÆÐAN**

Almenningssamgöngur



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Í næstu viku hefst skólastarf aftur að hausti. Um leið hefst tilraunaverkefnið frítt í Strætó sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu standa að. Allir nemendur í framhaldsskólum og háskólum sem búa í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Álftanesi fá hjá sínum nemendafélögum afhent á næstu dögum kort merkt tilraunaverkefninu og fá með því fríar ferðir hjá Strætó bs. þar til 1. júní 2008.

Markmið tilraunarinnar frítt í Strætó tengist fyrst og fremst umhverfislegum þáttum og er hún hluti af grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Höfuðborgarsvæðið býr við mikinn umferðarþunga, svifryk og mengun og Reykjavíkurborg er þungamiðja þjónustu og atvinnustarfsemi. Mikilvægt er að hvetja höfuðborgarbúa til að kynna sér almenningssamgöngur enda er mikill hagur einstaklinga og samfélagsins alls að fleiri nýti sér Strætó. Tilraunin er ekki síður sett af stað til að kynna kosti almenningssamgangna fyrir nemendum á höfuðborgarsvæðinu og freista þess að fá nýjan hóp notenda í vagninn. Samfara verkefninu verður þjónusta við farþega aukin, tíðni og nýting leiða mæld, viðhorf farþega kannað auk þess sem mælingar umferðarþunga verða framkvæmdar.

Viðbrögð nemenda og skólastjórnenda hafa verið mjög jákvæð. Nemendafélögin munu leggja sitt af mörkum með því að afhenda kortin og veita verkefnisstjórum upplýsingar um framkvæmd. Krafturinn í nemendum mun gefa verkefninu aukið gildi og vonandi skapa almennar umræður í skólum um samgöngu- og umhverfismál. Skólastjórnendur hafa flestir tekið vel í að hefja vinnu við að búa til samgönguáætlanir fyrir skólana og sumir hafa jafnvel ákveðið að taka græn skref í átt að umhverfisvænum markmiðum.

Ég hvet framhaldsskóla- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu að kynna sér verkefnið og leiðakerfi Strætó (www.reykjavik/betristraeto). Ég er viss um að fjölmargir nemendur muni kynna sér málið og jafnvel fresta kaupum á bifreið, enda eru árleg útgjöld vegna reksturs bifreiðar um 700.000 kr. á ári. Góð þátttaka nemenda í verkefninu getur haft mikil áhrif á umhverfi okkar og átt þátt í að almenningssamgöngur blómstri sem aldrei fyrr.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*









Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.

Allt að 90% afsláttur.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið)
S: 557 9510



Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar, sófaborð, stólar borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, garðhúsgögn, borðstofuhúsgögn og margt fleira.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



„Við viljum skapa þessum nýju Íslendingum gott líf á Íslandi," segir Anna R. Möller, stjórnarmaður í Ungmennafélagi Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Nýir Íslendingar boðnir velkomnir í UMFÍ

***Ungmennafélag Íslands boðar átak til að efla íþrótta- og æskulýðsþátttöku fólks af erlendum uppruna á Íslandi.***

Átak um að stórefla íþrótta- og æskulýðsþátttöku fólks af erlendum uppruna á Íslandi er á meðal þess sem var samþykkt á stjórnarfundi Ungmennafélags Íslands, sem haldinn var á Höfn í Hornafirði 2. ágúst. Sama dag fagnaði hreyfingin 100 ára afmæli. Anna R. Möller er í stjórn UMFÍ.

„Við gerum okkur grein fyrir að í bæjar- og sveitarfélögum er mjög erfitt að virkja börn af erlendu bergi brotnu inn í starf íþróttahreyfingarinnar og félagsstarf almennt," segir Anna. „Við teljum að verði farið í átak til að auðvelda þeim með einhverjum hætti að koma að þessu starfi muni það líka hjálpa þeim að aðlagast þjóðfélaginu."

Anna segir að ekki sé búið að negla niður með hvaða hætti farið verði í átakið. Framundan er hugmyndavinna á stjórnarfundi hreyfingarinnar um næstu mánaðamót. Síðan verður þing hennar haldið í október, þar sem tillögur í þessa veru verða lagðar fram.

„Það er hins vegar ljóst að stjórn Ungmennafélagsins gerir þetta ekki ein og óstudd, heldur verðum við að leita til sambandsaðila okkar vítt og breitt um landið," segir hún. „Í raun og veru liggur starf hreyfingarinnar úti hjá sambandsaðilum okkar. Við munum vinna að því að fá þá til liðs við okkur."

Að sögn Önnu hefur til dæmis verið rætt að fara í samstarf við skóla um landið allt, til að hvetja börnin til íþrótta- og félagsþátttöku. Auðvelt yrði að ná til þeirra í gegnum skólastarfið.

Þótt enn sé óljóst hvaða aðferðum hreyfingin mun beita til að fylgja átakinu eftir, er ljóst að félagar hennar ætla að vinna það af raunsæi og skynsemi. „Við gerum okkur engar vonir um að sigra heiminn á einu ári," segir Anna. „En ef við byrjum hægt og rólega og markvisst að skapa þennan vettvang á stöðunum, held ég að hægt og bítandi skynji krakkarnir að þeir eru jafn velkomnir í starfið og allir aðrir. Við viljum skapa þessum nýju Íslendingum gott líf á Íslandi."

*roald@frettabladid.is*



ÁGÚST
Kafbátur mánaðarins
TÚNFISKBÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í ágúst 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli
Ert þú á leiðinni út úr bænum?
Þú færð kafbát allan sólarhringinn
á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut
SUBWAY



**Hjól** er tilvalinn fararskjóti um miðborgina. Bílastæði og stöðumælasektir heyra þá sögunni til. Auk þess sem hreyfingin er góð heilsubót.


STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 21. ágúst n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.
STAFGANGA ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

BIONAL
AppelSlim® Xtra
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.

Náttúran.is er náttúrumarkaður með lífrænar og umhverfisvottaðar vörur...
...opið alltaf, allsstaðar.
Náttúrumarkaðurinn veitir neytendum samræmdar upplýsingar um umhverfisvænar og heilbrigðar vörur á óháðu markaðstorgi.
Í 20 deildum getur þú valið þær vörur sem skara fram úr vegna umhverfisvæni og/eða hollustu. Þú færð vörurnar sendar heim að dyrum, hvert á land sem er. Flutningskostnaður er jafn yfir allt landið og reiknast um leið og þú setur vöru í körfuna. Þannig getur þú auðveldlega fylgst með hvort hagstæðara sé að auka við pöntunina fyrir sama verð eða ekki. Þægileg og umhverfisvæn leið til að versla!
07.08-2007 Náttúran.is
www.natturan.is

DANSPARTÝ!
Frí kynning föstudaginn 24. ágúst!
Ókeypis aðgangur fyrir alla
í Gerðubergi kl.18:00 - 20:00.
Tilvalið tækifæri fyrir þig sem vilt kynnast betur
þeim dansi og námskeiðum sem
Púlsinn - Marta býður upp á í haust.
Þetta er líka tilvalið fyrir þig sem þekkir þessi
námskeið en ert búin að bíða í allt sumar
eftir því að DANSA á ný.
Opnum fyrir dansinn!
SKRÁNING NAUÐSYN
Tryggðu þér pláss!
Púlsinn námskeið
Marta Eiríksdóttir
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is




„Mér finnst alveg frábært að vera að skemmta mér og styrkja gott málefni í leiðinni," segir Guðrún sem hér æfir fyrir maraþonið ásamt eiginmanninum Sigurði Hjalta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ein míla fyrir hvert ár

***Guðrún Jónsdóttir, 43 ára féhirðir hjá Glitni, tekur þátt í maraþoninu á laugardag í hjólastól til áheita fyrir Heilaheill. Eiginmaðurinn Sigurður Hjalti Sigurðarson er ekill.***

„Siggi hljóp með mig tíu kílómetra í Glitnishlaupinu í fyrra og nú ætlar hann að bæta um betur og fara 42, eða 26 mílur. Það gerir eina mílu fyrir hvert ár sem við höfum verið saman," segir Guðrún brosandi þegar hún er spurð hvort hún hafi tekið þátt í Glitnismaraþoni áður. Hún kveðst vera mun betur á sig komin nú en fyrir ári enda fékk hún heilablóðfall í júlí í fyrra og gat ekki setið upprétt fyrstu vikurnar. Var á Grensásdeildinni í tæpt ár en er flutt heim og er í dagvist hjá Sjálfsbjörgu. „Ég er alltaf að styrkjast," segir hún. „Tók þá ákvörðun nýlega að hætta að nota hjólastól dags daglega og láta staf duga."

Sigurður Hjalti er mikill hlaupagarpur og hefur margoft tekið þátt í maraþoni áður, bæði hérlendis og erlendis. Hann keyrir Guðrúnu í þríhjóla stól sem þau fengu lánaðan hjá Íþróttasambandi fatlaðra en er hún ekkert smeyk í þessu farartæki? „Ég neita því ekki að mér stóð ekki á sama í fyrra þegar Siggi hljóp sem hraðast. Mér þótti hann full kappsamur," segir Guðrún sem þó er full tilhlökkunar líka. „Það er mikil stemning í kringum maraþonið. Ég er auðvitað oft búin að fylgjast með Sigga og í fyrra þegar ég fór sjálf var svo gaman að hitta alla. Mér finnst alveg frábært að vera að skemmta mér og styrkja gott málefni í leiðinni því við erum að hlaupa fyrir Heilaheill sem eru samtök þeirra sem hafa fengið heilablóðfall. Fólk getur heitið á okkur með frjálsum framlögum inni á síðunni www.glitnir.is.

Guðrún á ekki von á neinum hindrunum í hlaupinu. „Þetta er götuhlaup og svo á þetta hjól að þola dálitlar torfærur," segir hún og bætir við. „Það gera hins vegar ekki venjulegir hjólastólar. Þeir ráða ekki einu sinni við Laugaveginn. Hann er ekkert nema kantar og tröppur og er ófær fyrir hjólastóla. Miðbærinn er allur mjög fjandsamlegur fötluðum."

Hún kveðst ekki alveg búin að ákveða hvernig hún verði klædd í hlaupinu. „Ég sit hreyfingarlaus í eitthvað á fimmta klukkutíma og ef rigning verður og kuldi er viss hætta á að mér verði kalt. Það er meðal einkennanna eftir heilablóðfall að vera alltaf þreytt og alltaf kalt. Þannig að ég þarf að dúða mig."

Guðrún og Sigurður eiga fjögur börn og tvö barnabörn sem munu fylgjast stolt með foreldrunum og ömmu og afa í maraþoninu á laugardag.

gun@frettabladid.is


Öflug bætiefni fyrir augu
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
eða 6.660 á mán. í 3 mán.


## Of stór skammtur af espresso

UNG BRESK KONA DRAKK EINUM OF MIKIÐ KAFFI OG HLAUT VERRA AF.

Ung stúlka í Bretlandi var lögð inn á spítala eftir að hafa innbyrt sjö tvöfalda espresso-kaffibolla. Stúlkan var að afgreiða í samlokubúð í eigu fjölskyldunnar þegar hún fékk hita og fór að ofanda. Á spítalanum var staðfest að hún hefði fengið of stóran skammt af koffíni.

Hin 17 ára Jasmine Willis hélt að espresso-bollarnir innihéldu aðeins einfalda drykki. Áhrifin voru meðal annars þau að hún hló og grét af engri sýnilegri ástæðu meðan hún afgreiddi viðskiptavinina.

Jasmine náði sér að fullu en hefur varað aðra við of mikilli kaffidrykkju. Sjálf getur hún ekki hugsað sér að fá sér kaffi á ný.





Svefnleysi getur valdið auknu þvagláti á nóttunni, sennilega vegna þess að blóðsykurinn fellur ekki eins og hann gerir almennt á nóttunni þegar fólk sefur.

# Svefnleysi orsakar fleiri klósettferðir

***Þeir sem liggja andvaka á nóttunni gætu þurft að kasta þvagi oftar***

Svefnleysi veldur ekki aðeins skorti á nauðsynlegum svefni heldur er líklegt að ástandið valdi því að fólk þurfi að kasta þvagi oftar. Í rannsókn sem unnin var í Danmörku framleiddu 20 manns sem haldið var vakandi meira þvag en vanalega auk þess sem þvagið innihélt meira salt. Einkennin voru mun sterkari hjá karlmönnum en konum.

Birgitte Mahler og félagar hennar í háskólasjúkrahúsinu í Árósum í Danmörku greindu engan mun á þvagframleiðslu fólksins yfir daginn á meðan það var svefnvana. Annað var uppi á teningnum á nóttunni eins og kom fram á fundi sem haldinn var í Texas í síðustu viku þar sem niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar.

Svefnleysi kom í veg fyrir að blóðsykurinn félli, sem gerist vanalega á nóttunni. Líklegt er því að það hafi haldið nýrnastarfseminni gangandi eins og á dagtíma. Þvag þeirra sem tóku þátt í rannsókninni reyndist einnig hafa meira magn af steinefnunum sódíum og kalíum. *- keþ*

# Fá greitt fyrir pundið

KARLAR OG KONUR Í ÍTALSKA BÆNUM VARALLO FÁ BORGAÐ FYRIR AÐ GRENNAST.

Of þungir íbúar ítalsks smábæjar munu fá greitt fyrir að grennast eftir því sem bæjarstjóri Varallo tilkynnti nýlega.

Karlmenn munu fá 50 evrur fyrir að missa fjögur kíló á mánuði en konur fá sömu upphæð fyrir að missa 3 kíló.

Ef viðkomandi tekst að missa þessa þyngd í fimm mánuði fær hann aukalega 200 evrur eftir því sem fram kemur á fréttavef Reuters.

Um 7.500 manns búa í bænum og er áhuginn þar nokkur. Um 35 prósent Ítala eru of þungir eða offeitir samkvæmt tölum frá Evrópusambandinu. Er talið að ástandið hafi versnað til muna við breytt mataræði en hefðbundin Miðjarðarhafsmatreiðsla hefur vikið fyrir unnum matvörum sem eru ríkar af fitu, sykri og salti.



# Kasjúhnetur valda verra ofnæmi en jarðhnetur

***Kasjúhnetur valda alvarlegri ofnæmisviðbrögðum en jarðhnetur samkvæmt nýrri rannsókn.***

Jarðhnetur eiga það til að valda slæmu ofnæmi hjá börnum en ný rannsókn sýnir að kasjúhnetur séu jafnvel enn verri. Í nýlegri breskri rannsókn var 141 barn með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða kasjúhnetum borið saman. Almennt virtust ofnæmisviðbrögð barna með kasjúhnetuofnæmi mun alvarlegri en barna með jarðhnetuofnæmi.

Dr. Andrew T. Clark við Addenbrookes-spítalann í Cambridge stýrði rannsókninni og fékk 47 börn með kasjúhnetuofnæmi og 94 börn með jarðhnetuofnæmi. Börnin sem voru með kasjúhnetuofnæmi voru átta sinnum líklegri til að vera andstutt, og næstum því fjórtán sinnum líklegri til að fá alvarleg einkenni eins og truflanir á hjartslætti eða blóðþrýstingsfalls.



Kasjúhnetuofnæmi er að aukast í Bretlandi.

Greint er frá rannsókninni í nýjasta eintakinu af tímaritinu Allergy.

Þetta er fyrsta rannsóknin sem sýnir að kasjúhnetuofnæmi geti verið alvarlegra en jarðhnetuofnæmi. Jafnframt töldu þeir sem unnu rannsóknina að kasjúhnetuofnæmi væri að aukast, en það gæti verið vegna þess að neysla á þessu hnetum hefur aukist. *- keþ*

# Fitusnautt samt fitandi

HITAEININGASNAUÐAR MATVÖRUR GETA STUÐLAÐ AÐ OFFITU OG OFÁTI HJÁ BÖRNUM.

Rannsókn gerð við Háskólann í Alberta í Kanada sýnir að rottur, bæði feitar og grannar, leggjast í ofát þegar hitaeiningasnautt fæði er í boði. Þetta gerði að verkum að feitu rotturnar fitnuðu enn frekar og veiktust af lífshættulegum sjúkdómum.

Enn er ósannað hvort niðurstöðurnar megi túlka fyrir mannanna börn en rottur og menn eru með svipaða líkamsþætti og vísindamennirnir því nokkuð vissir um að sama eigi við mennina.

Ástæðan fyrir að rotturnar átu mun meira af hitaeiningasnauðu matvælunum var sú að dýrin lærðu að tengja orku og bragð. Jafnframt því sem vísindamennirnir telja að börn sem borði slíkt fæði fái ranga mynd af bragði og hitaeiningafjölda og lendi þar af leiðandi í viðjum ofáts og offitu.



Niðurstöðurnar sýndi jafnframt að ofátið átti aðeins við um yngri rottur. Eldri rottur sýndu ekki sömu viðbrögð og þess vegna er talið að þetta eigi helst við um börn.

Ástæðan er að sögn vísindamannana að eldri rotturnar, ólíkt þeim yngri, noti bragðlaukana öðruvísi þegar þær meta orkuna í fæðunni. *- rh*




Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak.
Kennt er 2x í viku 60 mínútur í senn. Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið.
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Innritun í síma 581 3730
Barnagæsla - Leikland JSB
Vertu velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

TT námskeið



Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin
Innritun í síma 581 3730
Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.
TT-1 Frá toppi til táar!
- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið
Barnagæsla – Leikland JSB
Vertu velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



**Skólinn** er að byrja og þá bætist við dót í barnaherbergið. Allsherjar tiltekt ásamt hirslum fyrir skóladótið kemur í veg fyrir óreiðu með haustinu.




Verð frá kr. 155.000
Stærð: 6 - 9,7m2
Innifalið er allt viðarverk, glerjaðir gluggar og hurðir með lömum og festingum.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt



Verð frá 8.490.000kr – Hús: 90m2 Svefnloft: 42m2 geymsla: 6m2
Innifalið er útveggja- og innveggjaeiningar, einangraðar og með rafmagnsdósum og börkum, glerjaðir gluggar og útihurðir, milliloft í einingum, þakeiningar og efni, pallaefni og samþykktar teikningar (arkitekt,verkfræði og rafmagn). Flutningur, ráðgjöf, tollar og vsk.

V.H. ehf. - Heiðarbraut 3 - 250 Garður - sími 864 2400 - www.volundarhus.is - volundarhus@volundarhus.is




Þórarinn er sérfræðingur í stórprenti hjá Samskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Striginn heitur sem grunnur

***Stækkaðar ljósmyndir eru mesta stofuprýði. Fínn málarastrigi er vinsæll sem grunnur undir heimilismyndir.***



Stemningsmyndir, barnamyndir, landslag, fígúrur. Alls konar mótív sem linsan hefur beinst að geta orðið að listaverki.

Stórar ljósmyndir úr eigin myndavél eða annarra geta farið vel sem listaverk á vegg, ljómandi andlit eða leiftur frá liðnum dögum. Þórarinn Þórarinsson sér um prentun stórra mynda hjá fyrirtækinu Samskiptum. Hann segir stækkanir í tölvum alltaf að aukast og fínan málarastriga vera vinsælan sem grunn undir heimilismyndir. Hágæðamyndapappír gefi þó betri prentun. En hvernig verða stórar myndir til? Því svarar fagmaðurinn: „Fólk sendir myndir gegnum tölvurnar eða kemur með þær á diskum. Nú eða lætur okkur skanna inn pappírsmyndir, jafnvel gamlar skuggamyndir. Það skiptir ekki máli. Sé um tölvumyndir að ræða viljum við helst fá þær í litakerfinu RGB en upplausnin er þó enn þýðingarmeiri og 72 punkta upplausn er þægileg fyrir okkur.“

Þórarinn kveðst litgreina myndirnar og prenta, ýmist á ljósmyndapappír, striga, tau eða segl. „Striginn er heitur núna,“ segir hann. „En hann er svolítið viðkvæmur fyrir kroppi og nuddi og sumir lakka yfir hann til að verja hann hnjaski. Ég húða hins vegar pappírinn með mattri plasthúð þegar ég er búinn að prenta á hann þannig að ekki glampi á myndirnar. Svo ramma ég inn líka, í blindramma eða flotramma ef óskað er og lími panóramamyndir á álplötur eða jafnvel léttar frauðplötur. Stundum vill fólk föndra við þetta sjálft og því seljum við líka tilbúna ramma.“ En endast svona myndir vel? „Já, eins og tæknin er orðin í hágæðaprentun þá eiga þær að endast í nokkra áratugi. Oft er þó búið að skipta myndunum út innan tíu ára því fólk hefur gaman af að breyta til.“

*gun@frettabladid.is*


AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT
www.nettoline.dk



ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

nettoline
Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500




Skemmtilegar setningar eru prentaðar á suma púðana eins og „Ég var einu sinni skyrta.“

Púðar úr silkiskyrtu annars vegar og gluggatjöldum hins vegar.

## Úr skyrtum og gardínum

GÖMUL KLÆÐI GÆDD NÝJU LÍFI.

Fyrirtækið Pieces of you í Bretlandi býr til kodda og púða úr gömlum fötum og öðru því efni sem til fellur á heimilum. Púðarnir eru ekki aðeins fallegir heldur eru á suma prentaðar skemmtilegar setningar, til dæmis „Ég var einu sinni skyrta,“ eða „Ég var einu sinni buxur“. www.piecesofyou.co.uk


Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Verkstjóri

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða verkstjóra til starfa í pökkunardeild fyritækisins

Umsóknarfrestur er til 20 ágúst n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík. Einnig er hægt að senda umsóknir á ingibjorn@ferskar.is.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320/660-6330 frá kl. 9- 17:00 alla virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess www.ferskar.is.

## KYNNINGARFUNDUR VEGNA STRANDGÖTU 26 – 30

### Ath breytta dagsetningu

Kynningarfundur varðandi tillögu að breyttu miðbæjarskipulagi fyrir lóðina Strandgötu 26-30 í Hafnarfirði verður haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2007 í Hafnarborg í Hafnarfirði, milli kl. 17-19.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

JB Byggingafélag

# Sendibílstjóri

J.B. Byggingafélag óskar eftir að ráða sendibílstjóra með meirapróf eða bílpróf tekið fyrir júní 1993

Upplýsingar gefa Ingvar Kárason í síma 693-7008

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag.

**JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333**

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Finnst þér gaman að leika þér? Hefur þú gaman af börnum?

Í Lágafellsskóla eru lausar stöður í Frístundaseli. Um er að ræða 30-40% stöðuhlutfall.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur á milli kl 14.00 til 17.00 og getur starfið því hentað skólafólki vel.

Óskað er eftir áhugasömum, jákvæðum og samviskusömum einstaklingum, 17 ára og eldri.

Kostur er ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af listum, íþróttum eða öðru starfi tengdu frístundum.
Umsóknarfrestur er til 20. ágúst og gott er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eftir það.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Upplýsingar veita Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs og Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður frístundastarfs Lágafellsskóla í síma 525-9200, 699-3131 eða á netfangið frístund@lagafellsskoli.is

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Laus störf á Framkvæmdasviði

### Starf í dráttarvéladeild

**Sérhæfðir verkamenn í dráttarvéladeild**
Óskað er eftir sérhæfðum verkamönnum til starfa á dráttarvéladeild, meðal verkefna eru snjóhreinsun, sláttur opinna svæða og háþrýstiþvottur.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Við leitum að áreiðanlegu, verklögnu og þjónustulunduðu fólki með almenn ökuréttindi en einnig er æskilegt að viðkomandi hafi dráttarvélapróf og/eða BE bílpróf.

*Dráttarvéladeild Framkvæmdasviðs sér m.a. um snjóruðning, hreinsun gönguleiða og grasslátt opinna svæða.*

### Fjölbreytt störf á hverfastöðvum Framkvæmdasviðs

### Verkamenn á hverfastöðvum

Óskað er eftir verkafólki til starfa á hverfastöðvar Framkvæmdasviðs. Meðal verkefna eru, viðhald gatna og gönguleiða, hreinsun borgarlandsins, viðhald leikvalla og opinna svæða, snjóhreinsun, grassláttur og fleira.

**Menntunar og hæfniskröfur**
Við leitum að verklögnu og áreiðanlegu fólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum og er tilbúið til að læra og takast á við fjölbreytt verkefni. Æskilegt er að viðkomandi hafi almenn ökuréttindi.

### Skrifstofumaður á hverfastöðinni Njarðargötu

Óskað er eftir starfsmanni til starfa við almenn skrifstofustörf á hverfastöð Njarðargötu. Meðal verkefna er símsvörun, móttaka, umsjón með viðveruskráningu og verkbókhaldi og þjónusta við íbúa vegna ýmissa erinda.

**Menntunar og hæfniskröfur**
Við leitum að fólki með ríka þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum, haldgóða tölvuþekkingu og menntun sem nýtist í starfi.

*Hverfastöðvar Framkvæmdasviðs sjá um daglega þjónustu við íbúa borgarinnar vegna ábendinga og athugasemda um hvaðeina sem viðkemur starfsemi gatna- og eignaumsýslu Framkvæmdasviðs. Hverfastöðvarnar sjá m.a. um allar eignir borgarinnar, opin svæði og skólalóðir, götur og gönguleiðir, ruslatínslu og stampatæmingar auk þess að sjá um að ryðja snjó af stofnanalóðum.*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélaga.

Nánari upplýsingar um störfin veitir starfsfólk mannauðsdeildar (mannaudsdeild.fs@reykjavik.is) í síma 411 8000.

Umsóknarfrestur er til 26. ágúst 2007. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í þjónustuveri Framkvæmdasviðs Skúlatúni 2 sem er opið frá kl. 8.20-16.15 alla virka daga. Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á mannaudsdeild.fs@reykjavik.is merktar viðkomandi starfi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

GCI Group Íslandi er ráðgjafarfyrirtæki á sviði almannatengsla Grey Global Group - WPP Group, einnar stærstu og elstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. Grey er eina alþjóðlega fyrirtækið sem starfrækir eigin skrifstofur á Íslandi en samsteypan rekur einnig birtingafyrirtækið MediaCom á Íslandi. Grey var stofnað í New York 1917.
Hjá samsteypunni starfa um 95.000 manns á rúmlega 2000 skrifstofum í 106 löndum, 9 með aðstöðu í Reykjavík.



GCI Group Íslandi kallar eftir umsóknum. Þú ert vel menntaður einstaklingur. Vilt takast á við skipulagningu á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi að ná betri árangri en aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu alþjóðlegu fyrirtæki í ört vaxandi atvinnugrein.

### Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi

Þú ert vaktstjóri á fréttavakt GCI Group á Íslandi. Ert góður og fjölhæfur penni með kunnáttu til að leita og koma auga á áhugavert fréttaefni - hér á landi og erlendis. Getur greint mikilvægi efnisins og meðhöndlað með hliðsjón af þeirri boðleið sem nota skal til að koma því á framfæri - ert með fréttanef.

Vaktstjóri hefur gott vald á íslensku og ensku. Hefur haldgóða kunnáttu í dönsku, norsku eða sænsku, jafnvel þýsku. Góð tölvukunnátta er skilyrði.

Sendu ýtarlega umsókn á info@gci.is

change RULES.

gci group

A GLOBAL PUBLIC RELATIONS FIRM
GCI GROUP ICELAND

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
8.099 **+1,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 651
**Velta:** 10.031 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| CENTURY ALUMIN. | 10,98% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | 1,12% |
| LANDSBANKINN | 2,74% | ICELANDIC GROUP | 0,83% |
| BAKKAVÖR | 2,60% | MAREL | 0,42% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,09 +1,23% ... Bakkavör 67,00 +2,60% ... Eimskipafélagið 39,75 -1,12% ... Exista 33,75 +1,50% ... FL Group 26,20 +0,58% ... Glitnir 28,40 +1,79% ... Icelandair 27,95 +1,45% ... Kaupþing 1.123 +0,45% ... Landsbankinn 39,35 +2,74% ... Straumur-Burðarás 20,10 +1,52% ... Össur 105,00 +1,45% ... Teymi 5,64 +0,54%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðbólgan ekki minni í tvö ár

### Útsölur halda aftur af verðbólgunni á meðan hækkun íbúðaverðs drífur hana áfram.

Verðbólga hér á landi mælist nú 3,4 prósent og lækkar úr 3,8 prósentum í júlí. Verðbólga hefur ekki mælst minni frá því í júní árið 2005 þegar hún var 2,8 prósent.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,04 prósent á milli júlí og ágúst samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni. Það var mitt á milli spáa greiningardeilda en greiningardeildir Landsbankans og Kaupþings spáðu 0,1 prósents hækkun vísitölunnar. Greining Glitnis gerði hins vegar ráð fyrir að hún myndi lækka um 0,1 prósent milli mánaða. Vísitalan er nú 273,1 stig.

Sumarútsölur höfðu mest áhrif á að vísitalan hækkaði ekki meira en raun bar vitni. Verð á skóm og fötum lækkaði um 6,8 prósent á tímabilinu vegna þeirra. Fasteignaverð er sem fyrr það sem drífur verðbólguna áfram. Kostnaður vegna eigin húsnæðis jókst um 1,5 prósent á milli mánaða. Þar af jókst verð á sérbýli á höfuðborgarsvæðinu langmest eða um 2,7 prósent á milli mánaða.




**VERSLAÐ AF KAPPI** Sumarútsölur eru í fullum gangi. Þær höfðu talsverð áhrif á vísitölu neysluverðs milli júlí og ágúst.

Greining Glitnis gerir ráð fyrir að verðbólga hafi nú náð lágmarki. Hún muni aukast aftur og vera á bilinu 3,5 til 4 prósent það sem eftir lifir árs. **- hhs**

# Markaðurinn tók við sér á ný

Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,3 prósent í gær en náði þó ekki að vinna upp mikla lækkun á föstudaginn þegar virði hlutabréfa í Kauphöll féll um 110 milljarða króna. Vísitalan fór aftur yfir átta þúsund stiga múrinn og endaði í 8.097 stigum.

Öll fjármálafyrirtækin hækkuðu í verði en mesta hækkunin varð á gengi bréfa í Century Aluminum, um ellefu prósent. Landsbankinn hækkaði um 2,7 prósent, Bakkavör um 2,6 prósent og Glitnir um 1,8 prósent.

Alls hækkaði gengi fimmtán félaga en fjögur félög lækkuðu.

Hlutabréf á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum hækkuðu einnig í gær þegar seðlabankar héldu áfram að lána bönkum á hagstæðum kjörum. Seðlabankar um allan heim dældu inn sem svaraði til 19.000 milljarða króna fyrir helgi til að auka lánsfé í umferð. **- eþa**

# Hannes fer upp fyrir Gnúp

Stærstu hluthafarnir í FL Group halda áfram að auka hlut sinn í félaginu. Oddaflug B.V., sem er í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, festi kaup á eins prósents hlut í FL fyrir helgi. Kaupverðið nam tæpum 2,1 milljarði króna.

Þar með er Oddaflug á ný orðið stærsti hluthafinn í FL með 20,8 prósenta hlut en á dögunum varð Gnúpur fjárfestingarfélag stærsti hluthafinn þegar félagið fór upp yfir fimmtungshlut. Gnúpur er sem kunnugt er í eigu Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og Þórðar Más Jóhannessonar.

Þriðji stóri hluthafinn í FL Group er dótturfélag Baugs Group sem fer með 19,6 prósenta hlut. **- eþa**

**STÆRSTU HLUTHAFARNIR Í FL GROUP**

| | |
|---|---|
| 1. Oddaflug B.V. | 20,8% |
| 2. Gnúpur fjárfestingaf. | 20,4% |
| 3. BG Capital ehf. | 19,6% |
| **Alls þrír stærstu** | **60,8%** |

*Heimild: Heimasíða FL Group*

# Hagnaður SpKef stóreykst

Sparisjóðurinn í Keflavík hagnaðist um rúma 4,6 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins, miðað við rétt rúman milljarð króna á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur 338,7 prósentum og hefur hagnaður sjóðsins ekki áður verið meiri á einum árshelmingi.

Fram kemur í uppgjörinu að vaxtatekjur hafi numið rúmum 2,2 milljörðum króna, 8,27 prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Vaxtagjöld námu rúmum 1,8 milljörðum króna á tímabilinu. Eigið fé sparisjóðsins nam rúmum 14,1 milljarði króna í lok júní og hefur aukist um 62,52 prósent. Arðsemi eiginfjár er 63,8 prósent, en sú mesta frá stofnun sjóðsins. **- jab/óká**




# tímamót

timamot@frettabladid.is

**MILA KUNIS LEIKKONA ER 24 ÁRA Í DAG**

*„Ég held að það sé ekki rétt að ljóskur skemmti sér betur ... Trúið mér, það er ekki rétt!“*

***Mila Kunis skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún fór að leika í sjónvarpsþáttunum That 70's Show en meðal annars sem hún hefur gert er að ljá Meg í Family Guy rödd sína.***



**ÞETTA GERÐIST** 14. ÁGÚST 1784

## Landskjálftar á Suðurlandi

Einhverjir stærstu jarðskjálftar sem dunið hafa yfir Ísland frá því sögur hófust urðu 14. til 16. ágúst árið 1784. Stærsti skjálftinn hefur verið áætlaður 7,5 stig. Hundruð bæja hrundu í þessum skjálftum sem voru harðastir í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Það verður að teljast mikil mildi að aðeins þrír skyldu týna lífi því skjálftinn skall á þegar flestir voru komnir heim af engjum og voru að matast. Húsin hrundu öll í fyrstu skjálftahrinunni og urðu margir tepptir í rústunum, þannig að grafa varð þá upp.

Í Rangárvallasýslu er talið að 30 bæir hafi hrunið og öll hús hrunið á 23 þeirra. Nálægt 150 hús voru gjörónýt og 50 önnur illa löskuð. Enn meiri skemmdir urðu þó í Árnessýslu. Þar hrundu 70 bæir og milli 70 og 80 skemmdust illa. Má því telja að í þessum hörmungum hafi um 1.900 bæir eyðilagst eða hrunið að hluta. Margir urðu af þessum sökum heimilislausir.



Kristján Eldjárn og Jökull Jakobsson að störfum við fornleifauppgröft í Skálholti 1954.

Þetta húslausa fólk hafðist við á víðavangi í sveitum Suðurlands og átti ekki annarra kosta völ en að búa sér til moldarhreysi úr þeim húsum sem héngu uppi. Skóli og biskupsstóll Skálholts voru fluttir til Reykjavíkur eftir skjálftann.

### MERKISATBURÐIR

1741 Tónskáldið Georg Friedrich Händel lýkur við stórverkið Messías.

1944 Marlene Dietrich, kvikmyndaleikkonan fræga, heldur sýningu í Tripolileikhúsinu í Reykjavík.

1950 Flugvélin Geysir brotlendir á Bárðarbungu á Vatnajökli. Sex manna áhöfn komst lífs af en fannst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

1982 Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti Íslands, andast.

1982 Grace Kelly, prinsessa af Mónakó, lætur lífið í umferðarslysi.

1996 Vestfjarðagöng, milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Ísafjarðar eru formlega opnuð.





**GEIR ÓLAFSSON** söngvari er 34 ára í dag.

**RAGNAR STEFÁNSSON** jarðeðlisfræðingur er 69 ára í dag.





**MAGIC JOHNSON** er 48 ára í dag.

**HALLE BERRY** er 21 árs í dag.



†

*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Ásdís Jóhannesdóttir**

Kaplaskjólsvegi 27, Reykjavík,

lést föstudaginn 10. ágúst á lungnadeild LSH Fossvogi.

**Viðar H. Jónsson**
**Ingunn Björk Jónsdóttir**
**Agnar H. Kolbeinsson**
**Bjarki Þór Haraldsson**
**Ástrós Björk Viðarsdóttir**
**Magnea Sveinsdóttir**
**Sæmundur Freyr Árnason**
**Lóa Hallsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir**

Grænumörk 3, 800 Selfossi,

lést á heilbrigðisstofnun Suðurlands að morgni 12. ágúst. Útförin fer fram 18. ágúst frá Selfosskirkju kl. 10.30. Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigurgeir Ingvarsson**
**Sigurgeir Reynisson**
**Gunnar Valgeir Reynisson**
**Pétur Kúld**
**og fjölskyldur.**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Kristjana Tyscenko**
**Margrét Auður Óskarsdóttir**



†

*Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Inga S. Jónsdóttir**

lést miðvikudaginn 8. ágúst á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Áður til heimilis á Miklubraut 84.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnarnir.

**Sjöfn Jóhannesdóttir**
**Inga og Íris Reynisdætur**
**Jóhannes Reynisson**
**Malena og Elísa Þórisdætur**
**Marýna Lytvyn**



**KLÆÐSKERINN** „Ég fæst ekkert um það hvernig fólk er klætt og er löngu hættur að pæla í því hvort það ætti að vera öðruvísi en það er eða frá hverjum fötin séu. Ég fagna fjölbreytileikanum,“ segir Sævar Karl Ólason klæðskeri. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SEXTUGUR KAUPMAÐUR: SÆVAR KARL ÓLASON

# Gefur sextíu prósenta afslátt

„Það er bara frábært að eiga svona stórafmæli. Nú blasir lífið við,“ segir Sævar Karl Ólason kaupmaður, spurður þeirrar dramatísku spurningar hvernig sextugsafmælið í dag fari í hann. Hann er nýbúinn að selja verslun sína svo tímamótin eru ekki bara bundin almanakinu. „Ég ætla að hafa það ennþá betra en ég hef nokkurn tíma haft það og hef ég þó verið gæfumaður á öllum sviðum,“ segir hann kampakátur og kveðst ekki geta annað en þakkað fyrir það sem hann hafi fengið. „Nema þetta hefur auðvitað verið þrotlaus vinna,“ bætir hann við. „Ég mundi kannski gera þetta öðruvísi ef ég lifði upp á nýtt.“ Eftir smá umhugsun: „Nei, ég segi það nú ekki. En að vera kaupmaður þýðir vinna alla daga vikunnar, líka um kvöld og helgar, þegar maður vaknar og þegar maður sofnar. En þetta er það sem ég hef kosið mér og ég hef notið þess.“

Sævar Karl er búinn að vera með sjálfstæðan rekstur ásamt konu sinni síðan 1974. Spurður hvort hann hafi engar áhyggjur af að tómarúm myndist nú þegar hann hættir að sinna viðskiptunum segir hann. „Nei, í fyrsta lagi verð ég hér áfram í búðinni um sinn, hjálpa til að kaupa inn og spjalla við viðskiptavinina. Svo er ég í fullu fjöri og á fjölmörg áhugamál – það kviknar nú þegar ég lít yfir. Ég á líka ennþá vini, góða vini sem vilja hitta mig og eiga með mér stundir. Ég hef ákaflega gaman af listum og að hitta listamenn og læra af þeim. Nú get ég notið þess að spjalla við þá án þess að þurfa að hugsa um nokkuð annað. Get bara notið tónlistarinnar þegar ég fer á tónleika en verð ekki að spá í einhver tækifæri og hugmyndir í viðskiptum eins og stundum hefur brunnið við.“

Nú er kaupsýslumaðurinn spurður hvort hann horfi ósjálfrátt á fatnað fólks sem verður á vegi hans. „Já, ég hef alltaf gert það,“ svarar hann glaðlega. „En ég fæst ekkert um það hvernig fólk er klætt og er löngu hættur að pæla í því hvort það ætti að vera öðruvísi en það er. Eða frá hverjum fötin séu. Ég fagna bara fjölbreytileikanum. Mér finnst auðvitað frábært ef fólk kaupir eitthvað í næstu búð og kemur svo til okkar og finnur eitthvað fallegt við. Eða öfugt.“

Sævar Karl sver af sér veisluhöld í tilefni sextugsafmælisins. „Ég verð bara að vinna í búðinni og gef 60 prósenta afslátt. Eitt prósent fyrir hvert ár. Ég hef aldrei haldið upp á afmælið mitt. Það er á þannig tíma. Annað hvort útsölur í gangi eða að ég hef verið í viðskiptaferðalögum. En ég mun skála við gesti á menningarnótt. Þá verður opnuð listsýning hjá okkur klukkan tvö. Það er Kolbrá Bragadóttir sem sýnir og við bjóðum upp á kampavín í tilefni þess.“

# Saga kúmentínslu aftur á 18. öld

Hin árlega kúmenganga í Viðey er í kvöld og gestir í göngunni eru eindregið hvattir til að taka með sér skæri og poka til tínslu því kúmenið dreifir sér vítt og breitt um eyjuna.

Saga kúmensins í Viðey er rakin til Skúla Magnússonar landfógeta sem gerði þar ýmsar ræktunartilraunir um miðja átjándu öld. Farið verður lauslega yfir þessa sögu í göngu kvöldsins sem tekur um tvær klukkustundir.

Ferðin hefst með siglingu úr Sundahöfn kl. 19.15 og er leiðsögnin ókeypis en ferjutollur er 800 krónur fyrir fullorðna og 400 fyrir börn. Eftir göngu verður gestum boðið að bragða kúmenkaffi að hætti Viðeyinga. Auk þess fá allir þátttakendur Egils Kristal í boði Ölgerðarinnar.



Boðið verður upp á kúmenkaffi að hætti Viðeyinga.

# VANDAÐAR **ELDHÚS**INNRÉTTINGAR

## SAMSETTAR OG ÓSAMSETTAR - gæði og frábær hönnun

tvis køkkener

Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952.



Rauð háglans

### SAMSETTAR

afgreiðslutími
ca. 6 vikur
mikið úrval
litir og uppröðun
nýjustu efnin
glæsileg hönnun



Sérvalin Valnöd

BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE

BK eldhúsinnréttingar eru framleiddar og sérsniðnar að kröfum um nútíma eldhús, notagildi og flott útlit.



COUNTRY
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

### ÓSAMSETTAR

þú setur saman
tilbúnar á lager
glæsileg hönnun
eitt hagstæðasta verð sem völ er á



LINE
Hvítt lakka - háglans, handfanga-laus

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað laugardaga

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Að hringja í ömmu á Sigló á föstudagskvöldi og leggja ekki á fyrr en um kaffileytið á sunnudegi

Núll krónur fyrir símtöl úr heimasíma í alla aðra heimasíma á Íslandi. Betri leið í heimasíma, Langbestur, mánaðarverð 3.490 kr.

Það er Síminn

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hundrað geðsjúklingar í miðbæ Reykjavíkur

FREYR GÍGJA GUNNARSSON SKRIFAR ÆVISÖGU SLAGSMÁLAHUNDS



„Ég heiti Jón, og ég lem menn," heitir ævisaga slagsmálahunds sem kemur út í jólabókaflóðinu á þessu ári. Um er að ræða magnaða frásögu manns sem hefur lamið fleiri fullorðna karlmenn en sjálfur Axel bónusvíkingur útí Eyjum. Um hverja helgi mætir Jón í djammgallanum sínum, hellir brennivíni í sig af miklum móð og lætur síðan lítilmagnann finna fyrir minnimáttarkennd sinni. Ræðst á hann af minnsta tilefni. „Ég sá þennan leigubíl fyrst." Kabúm. Vinstri krókur „Ég var á undan þér á klósettið." Kabúm. Beint í mark.

Jón vaknar á hverjum sunnudegi með bólgna hnúa en hefur náð, enn einu sinni, að vera „ó-cuttaður" eins og Ali og De la Hoya. Hann getur ekki beðið eftir því að sjá hvort eitthvað hafi verið fjallað um nýjustu árásina hans. Hann kippist við af reiði þegar blöðin hafa eftir varðstjóra lögreglunnar í Reykjavík að helgin hafi verið óvenju blóðug. „Við þurftum að hafa afskipti af hundrað málum á laugardaginn." Jón verður að gera betur. Hann verður að koma nafni sínu í blöðin. Og þess vegna endurtekur sagan sig, helgi eftir helgi. Jón lætur ekki deigan síga heldur klæðir sig upp. „Alvöru karlmenn drekka bara brennivín, kýla nokkra karla og ná sér í einhverjar kellingar." Einkennisorðin sem fá þó ekki að hanga uppá vegg í glæsilegu íbúðinni á Skólavörðustígnum heldur eru jafn samofin tilveru Jóns og B.A.-prófið í stjórnmálafræði. Eða var það hagfræði.

Jón hefur unun af því að fara niður í miðbæ. Hann langar til að skemmta sér. En þegar einhver dirfist að ryðjast fram fyrir hann í röðinni sér Jón bara rautt. Breytist í frummann, sem getur ekki hamið reiði sína og ofsa og lúskrar á náunga sínum. Kabúm. Hægrihandar högg. Náunginn sem var svo ósvífinn að þykjast vera eitthvað merkilegri en Jón, liggur steinrotaður með brotið nef. „Hann fær fínt glóðarauga, helvítið," segir Jón og bíður eftir því að dyraverðirnir komi og skerist í leikinn. Þá getur hann sannað vald sitt og yfirráð og barið sér á brjóst eins og górillan í skóginum.

Stökktu til Fuerteventura 21. ágúst

frá kr. 34.990

Ótrúlegt tilboð - 2 vikur

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura 2 vikur 21. ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Ath. mjög takmarkaður sætafjöldi í boði á þessu verði!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa




# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Bergmansþing í kvöld

Rannsóknahópurinn Deus ex cinema stendur fyrir málþingi í kvöld sem ber yfirskriftina Guð á hvíta tjaldinu um trúarleg minni í verkum sænska leikstjórans Ingmars Bergman sem lést í júlí og fleiri stórskálda kvikmyndanna. Þingið fer fram í Hallgrímskirkju í tengslum við Kirkjulistahátíð. Þar verða sýnd nokkur myndbrot úr kvikmyndum sem sýna Guð og guðlega nærveru og fjallað um það hvernig kvikmyndagerðarmenn hafa í gegnum söguna sýnt Guð á hvíta tjaldinu sem persónu eða á annan hátt. Dagskráin verður helguð minningu Ingmars Bergman, og fjallað verður um Guð, trú og kirkju í nokkrum mynda hans en þar er af nógu að taka: trúarleg stef og álitamál gegnumsýra höfundarverk Bergmans. Einnig verða kvikmyndir danska leikstjórans Carls Theodors Dreyer teknar til skoðunar en mynd hans Jóhanna af Örk verður sýnd á miðnætursýningu í Hallgrímskirkju á fimmtudagskvöld. Meðal þátttakenda á málþinginu verða dr. Pétur Pétursson, prófessor, sem gaf út bók um kvikmyndir Bergmans og Oddný Sen, kvikmyndafræðingur, sem er einn af okkar helstu sérfræðingum um kvikmyndagerð Dreyers. Þinghald hefst kl. 20 í Hallgrímskirkju. **- pbb**



**KVIKMYNDIR** Ingmar Bergman á velmektarárum sínum.

Í DAG!
ÞRIÐJUDAGUR 14. ÁGÚST
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst
9.00–11.00
MEISTARANÁMSKEIÐ II
Christopher Herrick kennir á Klais-orgelið í Hallgrímskirkju
12.00
TÓNLISTARANDAKT
14.00–17.00
MEISTARANÁMSKEIÐ III
Christopher Herrick kennir á Klais-orgelið
20.00
GUÐ Á HVÍTA TJALDINU
Málþing með myndbrotum í samvinnu við rannsóknarhópinn **Deus ex cinema**
SJÁ NÁNAR UM KVIKMYNDASÝNINGAR Á WWW.KIRKJULISTAHATID.IS
ALLIR VIÐBURÐIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM
„Ég vil lofsyngja Drottni“
WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-20

Bestu mögulegu myndgæði og ekkert loftnet
Sjónvarp Símans
Það er Síminn



**TÓNLIST** Gunnar Kvaran og Elísabet Waage hafa átt farsælt samstarf og meðal annars gefið út disk með verkum fyrir selló og hörpu.



**TÓNLIST** Draumsýnir er nýjasta verk Johns Speight en hann á að baki langan feril og fjölbreyttan í íslensku tónlistarlífi.

# Draumsýnir frumfluttar

Í kvöld heldur áfram tónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi í Reykjavík. Kunnir tónlistarmenn spila í kvöld, Gunnar Kvaran sellóleikari og Elísabet Waage hörpuleikari, og hefjast tónleikarnir kl. 20.30. Á dagskrá tónleikanna í kvöld er frumflutningur. Frumflutt verður verk eftir John Speight sem samið er að tilhlutan tónlistarfólksins og kallar John það Draumsýnir eða Visions Fugitives. Á efnisskránni eru einnig sónata eftir Antonio Vivaldi, Arpeggione sónata eftir Franz Schubert og Vocalise eftir Sergei Rachmaninoff.

Gunnar Kvaran kennir við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands og við Tónlistarskólann í Reykjavík. Auk fastra starfa heldur hann mjög oft tónleika bæði hér heima og erlendis og hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í mörgum löndum Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Gunnar hefur oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og diskar hafa verið gefnir út með leik hans. Mörg undanfarin sumur hefur hann, ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur konu sinni, verið gestur á ýmsum tónlistarhátíðum í Bandaríkjunum. Hann er fastur félagi í Tríói Reykjavík.

Elísabet Waage stundaði nám í píanó- og hörpuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og Konunglega tónlistarháskólann í Haag. Hún hélt starfsstöð í Hollandi, en var þó títt hér heima og hélt tónleika í báðum þessum löndum og einnig víða um Evrópu. Hún hefur meðal annars leikið með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum og verið gestur Cikada-kammersveitarinnar í Noregi og leikið í sinfóníuhljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands og Noord-Nederlands Orkest í Hollandi. Þá hefur hún komið fram sem einleikari og leikið fyrir upptökur í útvarp, sjónvarp og geisladiska. Elísabet Waage hefur verið hörpukennari við Tónlistarskóla Kópavogs síðan haustið 2002.

Gunnar og Elísabet hafa starfað saman um langa hríð og reglulega nú síðustu fimm árin. Þau gáfu út geisladisk 2004 með ýmsum perlum, meðal annars Schubert Arpeggione-sónötunni og Svaninum eftir Saint-Saëns. John Speight er fæddur á Englandi en hefur búið hér á landi síðan 1972 og auðgað íslenskt tónlistarlíf á marga vegu: hann hefur haldið fjölda einsöngstónleika og leikið á sviði, kennt tónfræði og söng, auk þess sem hann er afkastamikið tónskáld og hefur samið sinfóníur, kammerverk, einsöngslög og kórverk. Hann hefur notið starfslauna til tónsmíða um þriggja ára skeið, hefur lagst í víking og dvalið vestanhafs við tónsmíðar. Þá hefur hann haft afskipti af félagsmálum tónskálda, var formaður Tónskáldafélagsins um þriggja ára skeið á síðasta áratug.

Verkið Draumsýnir er í sjö samtengdum köflum mislöngum. Áleitinn upphafskafli rýfur annars kyrrðarkennd sem ríkir í því öllu. Eins og titillinn ber með sér er það hermitónlist, reynir að fanga fyrirbærið draumsýnir, en leiðslan, draumurinn var í bókmenntum þekkt fyrirbæri til að lýsa trúarlegri sælu. Hér er draumsýnin hversdagsbundin. Hún hendir alla og kemur og fer án skýringa, leitar efnis í reynslu mannsins, í svefni og vöku, meðvitund og kimum hugans.

Tónleikarnir hefjast sem fyrr segir kl. 20.30. **pbb@frettabladid.is**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Allt fyrir ástina með Páli Óskari sem hringitónn
Hringitónar
Það er Síminn

## > VISSIR ÞÚ?

Teiknarinn Joe Shuster og rithöfundurinn Jerry Siegel eru feður frægustu teiknimyndahetju allra tíma, Súperman, eða Ofurmenninu, sem skaust fyrst úr penna Shusters árið 1932. Sex árum síðar seldu þeir Shuster og Siegel útgáfufyrirtækinu DC Comics réttinn að Súperman. Söluverð réttarins að þessari vinsælu ofurhetju var alls 130 dollarar.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Umbreytt Britney í nýrri auglýsingu

Söngkonan Britney Spears þykir líta frábærlega út í nýrri auglýsingu fyrir ilmvatn sitt, Believe. Útlit Britneyjar er í algjörri andstæðu við þá ímynd sem hún hefur skapað sér með framkomu sinni síðustu misseri, þar sem hún er vön að koma fram á opinberum vettvangi í vafasömum klæðnaði, ómáluð og jafnvel með tætt hárið. Í nýju auglýsingunni virðist Britney í frábæru formi, með stæltan og stinnan kropp, auk þess sem ljósu lokkarnir fá að njóta sín á ný. Britney þykir svo flott í auglýsingunni að stjórnendur ilmvörufyrirtækisins Elizabeth Arden, sem framleiðir ilminn, sáu sig tilneydda að senda út tilkynningu þar sem sérstaklega var tekið fram að myndin væri ekki tölvugerð og sá líkami sem sæist væri virkilega líkami söngkonunnar.

Álitsgjafar og aðrir sérfræðingar ytra taka ekki endilega mark á slíkum yfirlýsingum og velta fyrir sér hvar húðflúrin sem hún ber í dag séu á myndinni. Auk þess er magi hennar sléttur og stæltur og sýnir engin merki um að hafa gengið í gegnum tvær meðgöngur á nokkrum árum. Eru meðal annars uppi samsæriskenningar um að myndin sé í raun nokkurra ára gömul, svo ungleg sé hún á henni. Hins vegar eru allir sérfræðingarnir einnig sammála um að auglýsingin, sé hún í raun og veru ófölsuð, marki endurkomu hinnar „gömlu og góðu" Britneyjar.




**GULLFALLEG** Britney Spears lítur einstaklega vel út í nýrri auglýsingu fyrir ilm sinn.

# Hrædd við hrukkur

Stjörnuparið David og Victoria Beckham hefur nú sagt slæmri húð stríð á hendur og er í strangri húðmeðferð. Ætlunin er að vernda húð þeirra frá sterkri sólu Los Angeles. Góðvinkona þeirra hjóna, Katie Holmes, mælti með einhverju svakalega sniðugu frönsku andlitskremi sem á að hægja á öldrun húðarinnar. Beckham-hjónin hafa því verið dugleg við að löðra kreminu um allan líkamann. „Þau eru alltaf að tala um þennan steikjandi hita í LA og segja sólina mjög ólíka þeirri sem þau eru vön á Spáni og hafa miklar áhyggjur af öldrun húðarinnar," sagði heimildarmaður.



**DAVID BECKHAM** Fótboltastjarnan fræga stundar að brosa fyrir framan spegil til að skoða línurnar í kringum augun en hann hefur miklar áhyggjur af þeim.






# Topshop sakað um þrælahald

**Harðar ásakanir á hendur Topshop eru settar fram í breska blaðinu The Sunday Times. Tískuföt fyrirtækisins eru sögð framleidd í þrælakistum. Philip Green, eigandi Topshop, segist taka ásakanirnar alvarlega.**

Tískufötin í Topshop eru framleidd í þrælaverksmiðjum í Máritíus samkvæmt grein í Sunday Times. Þar er meðal annars rætt við starfsfólk verksmiðjanna sem lýsir ástandinu sem afar slæmu. Hundruð manns frá Srí Lanka, Indlandi og Bangladess starfa í verksmiðjunum sem framleiða flíkur fyrir fyrirtækið Arcadia sem auk Topshop á búðir eins og Dorothy Perkins, Miss Selfridge, Burton, Evans og Topman. Eigandi fyrirtækisins er Sir Philip Green sem er einn ríkasti maður Bretlands.

Verksmiðjufólkið fær í sumum tilfellum minna en 25 krónur á tímann, tæpar 4.000 krónur á mánuði. Þau eru látin búa í þröngum fjölbýlum, vinna tólf tíma á dag, sex daga vikunnar, og eru rekin ef þau vinna ekki nógu hratt. „Það er mikil pressa á okkur að ná settum vinnumarkmiðum. Ef við náum ekki að framleiða fimmtíu flíkur á klukkutíma erum við rekin," sagði ein konan.

Jane Shepherdson var lengi í ábyrgðarstöðu hjá Topshop en hætti í fyrra. Hún lét þá þau orð falla að fólk gæti ekki keypt ódýr föt án þess að athuga hvernig aðstæðurnar í verksmiðjum væru. Arcadia er eitt af fáum fyrirtækjum í þessum geira í Bretlandi sem hefur ekki skrifað undir sérstaka samþykkt sem tryggir lágmarksaðstæður í verksmiðjum.

Á laugardaginn sagðist Green taka ásakanirnar alvarlega og að hann myndi athuga málið en sjálfur á hann ekki verksmiðjurnar heldur notar sjálfstætt reknar verksmiðjur sem framleiða föt eftir beiðni. Þó bætti hann því við að erfitt væri að fylgjast með aðstæðum í verksmiðjum sem hann ætti ekki sjálfur. „Ég sendi menn til að kanna verksmiðjurnar og aðstæður starfsfólksins. Ég get ekki staðið þarna sjálfur og talið hversu marga tíma fólk vinnur."

hilda@frettabladid.is




**TOPSHOP** Fyrirtækið Arcadia sem á meðal annars Topshop hefur verið sakað um að láta framleiða flíkurnar í þrælaverksmiðjum.



FÉLAGAR Hér er auðkýfingurinn ásamt Kate Moss en lína hennar fyrir Topshop er einnig framleidd í verksmiðjum í Asíu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES






## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hasarmyndin Rush Hour 3 var aðsóknarmesta mynd Norður-Ameríku um síðustu helgi, sína fyrstu helgi á lista. Sló hún aðra framhaldsmynd, The Bourne Ultimatum, úr toppsætinu en hún skartar **Matt Damon** í aðalhlutverki. Félagarnir **Jackie Chan** og **Chris Tucker** fara með aðalhlutverkin í Rush Hour 3, sem gerist í París.




# SÚ ÖFLUGASTA




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **2.0GHz Core 2 Duo T7300** Intel PM965 Express 800FSB-4MB |
| **Minni** | **2GB Dual DDR2 800MHz** Innbyggt 1GB Robson flýtiminni |
| **Harður diskur** | **160GB SATA 5400RPM** 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15.4" WideScreen WXGA+** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **256MB GeForce Go 8600M GT** Allt að 768MB deilt minni til viðbótar |
| **Hljóðkerfi** | **High Definition Dolby 2.1** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | **300Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt Bluetooth 2.0+EDR |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | **Windows Vista Home Premium** Flip 3D Navigation Area |
| **Þyngd** | **Aðeins 3kg með rafhlöðu** Rafhlöðuending allt að 3,5 tímar |

## ACER ASPIRE 5920G CORE 2 DUO GEMSTONE

**SANTA ROSA TÆKNI**
Ný tækni frá Intel með 800MHz gagnabrautum og enn minni orkuþörf en áður hefur þekkst

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen WXGA+ skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**VEFMYNDAVÉL**
0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél PrimaLite tæknin skilar enn meiri skerpu, innbyggð í skjáinn

**GEFORCE GO 8600GT**
GeForce Go 8600GT skjákort með 256MB minni og getur nýtt allt að 768MB af vinnsluminninu

**WINDOWS VISTA**
Tölvan kemur uppsett með Windows Vista ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**TENGIMÖGULEIKAR**
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, Firewire, Bluetooth, VGA, TV-out, ExpressCard/34 o.fl.

acer

# VERÐ 134.900

**TÖLVULISTINN**

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • SÍMI 414 1700
AKUREYRI • GLERÁRGÖTU 36 • SÍMI 414 1730
EGILSSTAÐIR • MIÐVANGUR 2-4 • SÍMI 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • SÍMI 414 1740
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • SÍMI 414 1760

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

# Latabæjarsýning fyrir hlaup

**Gunnar Helgason leikstýrir stuttu Latabæjarleikriti sem sett verður upp fyrir Latabæjarhlaupið en það verður haldið á menningarnótt.**



GUNNAR HELGASON Leikstýrir Latabæjarleikriti fyrir Reykjavíkurmaraþon Glitnis FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að útskýra þetta," sagði Gunnar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í herbúðum Latabæjar í Garðabæ. Þá var hann að skoða sviðsmynd sem á að nota fyrir leikritið. „Þetta er eiginlega Latabæjarþáttur sem ekki verður sýndur í sjónvarpi heldur leikinn frammi fyrir áhorfendum," útskýrir Gunnar sem vildi þó lítið gefa upp um söguþráðinn og vonaðist helst til að skúrkurinn Glanni glæpur myndi ekki mæta til leiks. „Ég hef þó rökstuddan grun um að hann láti sjá sig og þá verður fjandinn laus." Heimildir Gunnars herma að glæponinn snjalli vinni nú hörðum höndum að því í undirheimum að smíða vél sem er þeim kostum búin að geta smækkað fólk.

Sýningin verður sett upp fyrir framan Háskóla Íslands þar sem hlaupið fer fram og má reikna með miklum fjölda áhorfenda, bæði stórra og smárra. „Þetta verður eflaust einhver mesti áhorfendafjöldinn sem Latibær hefur verið sýndur frammi fyrir," segir Gunnar.



GLANNI Á vafalítið eftir að láta á sér kræla og setja allt á annan endann.

Latabæjarhetjan Íþróttálfurinn mætti í fyrra og sá til þess að allir væru vel heitir fyrir hlaupið. Að sögn Gunnars var ákveðið að hafa þetta aðeins stærra í sniðum í ár og skrifa heilt leikrit. „Þema leiksýningarinnar er síðan mjög áþekkt því sem gerist í einum þættinum en það á eftir að sýna hann í sjónvarpi," bætir leikstjórinn við en leikritið verður í svipaðri lengd og þættirnir eða 23 og hálf mínúta. „Þótt auðvitað geti aðeins teygst úr þessu," segir Gunnar og áréttar að þetta sé alvöru leiksýning með sprengjum og öllu tilheyrandi.

- fgg


Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus









LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 4, 7 og 10-POWER | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| TRANSFORMERS LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 10 | 16 |
| 1408 | kl. 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 7 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 10 | 16 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| THE INVISIBLE | kl. 8 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

STÆRSTA MYND SUMARSINS







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| ROBINSON... ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6:45 - 9:20 | 7 |
| SIMPSONS ENSK TAL | kl. 7 - 9 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS DIGITAL | kl. 4 - 7 - 10 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 4 - 7 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 7 |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 9 | 7 |



Þjónustuaðili yfir 70% íslenskra fyrirtækja

Fyrirtækjaþjónusta

Það er Síminn





INNANHÚSSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**

Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
Hönnun á:
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

NÝTT FRÁ The Academy of Colour and Style



Anna F. Gunnarsdóttir

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússstílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 562-3220

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN



**SNÝR AFTUR** Sænski tónlistarmaðurinn leikur á Íslandi um helgina. Hann hélt eftirminnilega tónleika á Airwaves í fyrra. MYND/KRISTIN LIDELL

# Jens Lekman til Íslands

**Sænski tónlistarmaðurinn Jens Lekman er væntanlegur hingað til lands öðru sinni um næstu helgi. Lekman hefur verið bókaður til að syngja á tónleikum í tengslum við Reyfi, menningarhátíð í Norræna húsinu sem stendur frá 18. til 26. ágúst. Tónleikar Jens Lekman eru á föstudagskvöld og hefjast klukkan 22.30. Miðaverð er 1.700 krónur en sama kvöld leika einnig Ólöf Arnalds og Budam og gildir aðgangseyririnn á alla tónleikana. Kvöldið áður leikur norski tónlistarmaðurinn Magnet á tónleikum í Norræna húsinu með Hjaltalín.**

**Bæði Lekman og Magnet hafa leikið áður á Íslandi, á Iceland Airwaves-hátíðinni. Lekman hljóp í skarðið fyrir Jenny Wilson í fyrra og Magnet lék hér árið 2004. Nánari upplýsingar um Reyfi-hátíðina má fá á Reyfi.is. Miðasala fer fram á Miði.is.**



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós hefur endurútgefið tónlist sína við heimildarmyndina Hlemmur.

# Endurútgefa Hlemm

Hljómsveitin Sigur Rós hefur endurútgefið tónlist sína við heimildarmyndina Hlemmur eftir Ólaf Sveinsson. Plata með tónlistinni kom upphaflega út árið 2003 á vegum útgáfu sveitarinnar, Krúnk, rétt eins og í þetta sinn.

Eins og áður eru nítján ósungin lög á plötunni með rafrænu ívafi. Voru lögin tekin upp og unnin í hljóðveri sveitarinnar, Sundlauginni, árið 2002. Með endurútgáfunni fylgir bók með blýantsteikningum og vatnslitamyndum eftir meðlimi Sigur Rósar. Öll hönnun og umbrot var einnig í þeirra höndum.



**THE BRONX** Bandaríkjamennirnir í The Bronx spila á Airwaves-hátíðinni.

# The Bronx á Airwaves

**Bandaríska hljómsveitin The Bronx hefur boðað komu sína á Iceland Airwaves-hátíðina í haust ásamt frönsku plötusnúðunum Flukids og Brodinsky og þýsku dansboltunum Moonbotica og Patrick Chardronnet.**

**The Bronx kemur frá Los Angeles og var síðasta breiðskífa sveitarinnar ofarlega á árslistum rokktímarita. Spilar hún á Kerrang-kvöldi Airwaves ásamt sveitum á borð við Gavin Portland, Changer, Momentum og Brain Police. Útgáfufyrirtæki Gus Gus, Pineapple Records, ætlar jafnframt að standa fyrir sínum eigin tónleikum þar sem Moonbotica og Patrick Chardonnet verða á meðal gesta.**

Stöð 2, Sýn, Sýn 2, Rúv og SkjárEinn
í bestu mögulegu myndgæðum
Sjónvarp Símans
Það er Síminn



## > Hópurinn tilkynntur í dag

Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, heldur blaðamannafund í dag þar sem hann tilkynnir hópinn fyrir vináttulandsleikinn við Kanada í næstu viku. Þetta verður fyrsti vináttuleikur liðsins í eitt ár og kjörið tækifæri fyrir Eyjólf að skoða nýja menn en hann hefur gefið það út að hann ætli að nota landsleiki haustsins til þess að byggja upp nýtt landslið. Fréttablaðið leitaði til knattspyrnuáhugafólks á dögunum og bað það um að tilnefna nýja menn í landsliðið.
Nú er að sjá hvort einhverjir sem þar voru nefndir fái náð fyrir augum Eyjólfs.



sport
sport@frettabladid.is

EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON: SPILAÐI HEILAN LEIK MEÐ HEARTS Í SKOTLANDI UM HELGINA

# *Gerði dýrkeypt mistök en stjórinn var sáttur*

Eggert Gunnþór Jónsson var í byrjunarliði Hearts sem gerði 1-1 jafntefli við Aberdeen í annarri umferð skosku úrvalsdeildarinnar um helgina. Hann þótti standa sig afar vel og var til að mynda valinn maður leiksins á opinberri heimasíðu Hearts.

„Ég var mjög ánægður með leikinn," sagði Eggert við Fréttablaðið í gær. „Markið sem við fengum á okkur var að vísu eftir mistök hjá mér. Ég tek það alfarið á mig. En maður verður bara að læra af þessu."

Eggert sagði að stjórar liðsins hefðu verið ánægðir með hans framlag í leiknum, ef frá eru talin mistökin dýrkeyptu. „Ég hef verið í toppstandi og fékk mikið af sénsum á undirbúningstímabilinu. Ég var svo valinn í liðið nú og vona að ég haldi sætinu eitthvað áfram. Það kemur um ljós um helgina."

Eggert Gunnþór fagnar einmitt nítján ára afmæli sínu á laugardaginn, þegar Hearts tekur á móti nýliðum Gretna. Það yrði vafalaust kærkomin afmælisgjöf að fá byrjunarliðssæti í þeim leik.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Eggert vakið verðskuldaða athygli en hann skrifaði fyrir tæpu ári síðan undir atvinnumannssamning við Hearts sem gildir út leiktíðina 2011.

Með þessu áframhaldi er aðeins tímaspursmál hvenær hann fær tækifærið með A-landsliði Íslands. „Ég held að það sé fjarlægur draumur fyrir mig. Ég býst við því að vera í U-21 hópnum sem spilar í næstu viku og ef ég stend mig vel þar og fæ



áfram tækifæri með Hearts er aldrei að vita."

Hann segir að fjölmiðlar í Skotlandi séu ekki mjög hrifnir af liði Hearts. „Ég sjálfur tel hins vegar að við séum með nógu gott lið til að vera besta liðið í deildinni á eftir Celtic og Rangers. Við eigum að vera að keppa við þessi tvö lið um toppsætin í deildinni.

Annar Íslendingur er á mála hjá Hearts, markvörðurinn Haraldur Björnsson. Eggert segir að hann sé eins og stendur þriðji markvörður félagsins en hann var á varamannabekk Hearts í leiknum gegn Hibernian í fyrstu umferð deildarinnar um þarsíðustu helgi.

## ÚRSLIT

### *VISA-bikar karla:*

Fjölnir-Haukar 4-3
Gunnar Már Guðmundsson 2, Pétur Georg Markan, Tómas Leifsson - Ásgeir Ingólfsson, Hilmir Eiðsson, sjálfsmark.
Valur-FH 0-1
0-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (90.)

### *Landsbankadeild kvenna:*

ÍR-Keflavík 0-3
Stjarnan-Breiðablik 1-2
Björk Gunnarsdóttir - Dagmar Ýr Arnardóttir, Laufey Björnsdóttir.
KR-Fylkir 10-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. KR | 11 | 10 | 1 | 0 | 49:12 | 31 |
| 2. Valur | 10 | 9 | 1 | 0 | 45:5 | 28 |
| 3. Keflavík | 11 | 7 | 0 | 4 | 28:17 | 21 |
| 4. Breiðablik | 11 | 6 | 1 | 4 | 21:23 | 19 |
| 5. Fjölnir | 10 | 3 | 3 | 4 | 11:14 | 12 |
| 6. Stjarnan | 11 | 3 | 3 | 5 | 18:23 | 12 |
| 7. Þór/KA | 11 | 1 | 1 | 9 | 8:34 | 4 |
| 8. ÍR | 10 | 1 | 1 | 8 | 12:44 | 4 |
| 9. Fylkir | 9 | 0 | 3 | 6 | 9:29 | 3 |

### *Danska deildin:*

Viborg-Bröndby 1-1
Rúrik Gíslason kom af bekknum hjá Viborg á 78. mínútu og Stefán Gíslason var í byrjunarliði Bröndby.

### *Norska deildin:*

Stabæk-Start 1-1
Veigar Páll Gunnarsson var í leikbanni hjá Stabæk og Jóhannes Harðarson var á bekknum hjá Start.

### *Sænska deildin:*

Djurgarden-Hammarby 1-0
Sölvi Geir Ottesen kom af bekknum á 77. mínútu hjá Djurgarden. Gunnar Þór Gunnarsson var í byrjunarliði Hammarby en fór af velli á 77. mínútu.
Halmstad-Malmö FF 1-3

# Þvílík sælutilfinning að skora

**FH-ingar slógu Valsmenn út úr VISA-bikarnum á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson skoraði sigurmark leiksins í uppbótartíma og FH-ingar eru þar með komnir í undanúrslit keppninnar.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru komnir í undanúrslit bikarkeppninnar í fjórða sinn á fimm árum eftir 1-0 sigur á Val í átta liða úrslitum VISA-bikars karla á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson var hetja FH-liðsins en hann skoraði sigurmark Íslandsmeistaranna þegar tvær mínútur voru liðnar af uppbótartíma. Ásgeir fylgdi þá eftir skalla Tommy Nielsen sem hafði hafnað í stönginni og Valsmenn höfðu engan tíma til að bregðast við og verða því að einbeita sér að því að slá FH-ingum við í Landsbankadeildinni.

Valsmenn fóru illa með FH-inga í deildarleik liðanna á sama stað fyrr í sumar en það var ljóst á öllu látbragði Hafnfirðinga að sú útreið átti ekki að endurtaka sig í gær.

Leikurinn var fjörugur framan af og liðin skiptust á að sækja í fyrri hálfleik. FH-ingar voru þó mun hættulegri. Liðið sótti grimmt og á mörgum mönnum og Valsmenn lentu oft í vandræðum.

Valsmenn ógnuðu samt alltaf í skyndisóknum og föstum leikatriðum.



**BARÁTTA** Auðunn Helgason FH-ingur hafði góðar gætur á markaskoraranum Helga Sigurðssyni hjá Val í gær svo Helgi komst lítt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það dofnaði yfir leiknum eftir því sem leið á seinni hálfleikinn og augljóst að leikmenn gerðu sér vel grein fyrir því að minnstu mistök gætu verið dýrkeypt í jöfnum leik tveggja sterkra liða. Þegar stefndi í framlengingu var eins og liðin tækju mikinn kipp.

Lokakaflinn var afar líflegur, tvisvar skall hurð nærri hælum við mark Valsmanna eftir tvö horn frá Tryggva og Baldur Aðalsteinsson fékk skömmu síðar algjört dauðafæri eftir flottan undirbúning Helga Sigurðssonar.

FH-ingar sluppu með skrekkinn og sigurmark Ásgeirs kom síðan á síðustu stundu. Valsmenn höfðu engan tíma til að bregðast við og sitja eftir með sárt ennið.

FH-ingar voru sterkari aðilinn í leiknum, voru meira með boltann og fengu hættulegri færi og áttu sigurinn skilinn.

Markahetjan Ásgeir Gunnar var vitanlega í sjöunda himni eftir leik. „Það var yndisleg tilfinning að skora þetta mark. Þvílík sælutilfinning," sagði hann. „Það var mikil barátta allan leikinn og afar sætt að klára þetta svona."

Baldur Aðalsteinsson fékk gott færi til að skora fyrir Val skömmu fyrir mark Ásgeirs Gunnars og var því alls ekki sáttur við sjálfan sig.

„Þetta er ömurlegt, það er það eina sem hægt er að segja. Ég hefði átt að setja hann þarna í lokin og afar lélegt að klára það færi ekki með marki. Við vorum ekki að spila okkar besta leik í dag en vorum samt inni í leiknum allan tímann. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við fáum mark á okkur í blálokin. Það átti sér stað einbeitingarleysi sem er óásættanlegt."

- óój / esá

Fjölnismenn tryggðu sér sæti í undanúrslitum bikarkeppninnar í fyrsta sinn í sögu félagsins:

# Fjölnir áfram eftir sigur í sjö marka leik

**FÓTBOLTI** Fyrir þetta keppnistímabil hafði Fjölnismönnum aldrei áður tekist að komast í 16-liða úrslit bikarkeppni KSÍ. Nú er liðið komið í undanúrslit, eftir sigur á Haukum í hörkuleik í gær en niðurstaða leiksins var 4-3 sigur.

Haukarnir voru langt um betra liðið í fyrri hálfleik og hefðu átt að vera fleiri en einu marki yfir þegar flautað var til hálfleiks. Varnarleikur Fjölnis virkaði alls ekki traustvekjandi og fengu Haukar fjölda góðra marktækifæra.

Á 31. mínútu brotnaði loksins ísinn. Varnarmenn Fjölnis voru í bullandi vandræðum og eftir að varnarmaður liðsins náði ekki að stoppa sendingu Ómars Sigurðarsonar fékk Ásgeir Ingólfsson boltann og gerði engin mistök.

Haukar héldu uppteknum hætti í upphafi síðari hálfleiks og strax á fyrstu mínútu hálfleiksins átti Ásgeir skalla í stöng. Skömmu síðar fengu þeir annað gott færi og ekki útlit fyrir að heimamenn væru til mikils líklegir.

Þá tók við ellefu mínútna kafli þar sem Fjölnir skoraði þrívegis. Fyrst Gunnar Már Guðmundsson með skalla eftir hornspyrnu á 54. mínútu. Gunnar var aftur á ferðinni sex mínútum síðar er hann fylgdi eftir skoti Péturs Markan. Pétur skoraði síðan sjálfur á 65. mínútu er hann fylgdi eftir skoti Tómasar Leifssonar í slá. Til að bæta gráu ofan á svart misstu Haukar mann út af þegar Davíð Ellertsson fékk sitt annað rauða spjald í leiknum á 63. mínútu.

Fjölnismaðurinn Ólafur Páll Johnson varð svo fyrir því óláni að skora í eigið mark þegar hann ætlaði að hreinsa frá skalla Ásgeirs Ingólfssonar.

En Tómas gerði svo út um vonir Haukamanna þegar hann skoraði eftir undirbúning varamannsins Davíðs Þórs Rúnarssonar á 80. mínútu. Fimm mínútum síðar minnkaði Hilmar Eiðsson svo muninn með góðu skoti. Nær komust þó Haukarnir ekki að þessu sinni.

„Þetta var mjög erfiður leikur og við virtumst yfirspenntir í fyrri hálfleik og vorum slakir," sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis. „Við vorum heppnir að fá ekki fleiri mörk á okkur en við komum grimmari til leiks í síðari hálfleik og vorum betri."

- esá



**SÆTUR SIGUR** Fjölnismenn skoruðu fjórum sinnum í gær og höfðu ærna ástæðu til að fagna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Emil Hallfreðsson á Ítalíu:

# Í byrjunarliði Reggina

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson hefur verið í byrjunarliði Reggina í þremur æfingaleikjum liðsins á síðustu dögum en hann var keyptur til liðsins frá Lyn í síðasta mánuði.

Emil spilaði fyrst 55 mínútur í 1-0 sigri á Sorrento, lék síðan fyrri hálfleikinn í 1-0 sigri á Perugia og loks fyrstu 57 mínúturnar í 4-0 sigri á Cisco Roma á sunnudaginn. Reggina spilar fyrsta leikinn á heimavelli á móti Atlanta 26. ágúst.

- óój

Að tala allan daginn
og fram á kvöld fyrir 0 kr.
Núll krónur fyrir símtöl úr heimasíma
í alla aðra heimasíma á Íslandi. Betri
leið í heimasíma, Langbestur,
mánaðarverð 3.490 kr.
Það er Síminn

Þórhallur Dan Jóhannsson:

# Megum vera stoltir af okkur

**FÓTBOLTI** Þórhallur Dan Jóhannsson er fyrirliði Hauka og var vitanlega svekktur í leikslok. „Við getum þó verið gríðarlega stoltir enda reyndum við að sækja sigurinn þrátt fyrir að hafa lent undir og verið manni færri," sagði Þórhallur.

„En við yfirspiluðum þá í fyrri hálfleik og vorum mikið betri. Ég held að þeir hafi fengið fjögur færi í leiknum og skorað úr þeim öllum á meðan við misnotuðum fullt af færum," bætti hann við.

- esá



**TROÐIÐ** Egill Jónasson í leik með Njarðvík. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Egill Jónasson hjá Njarðvík:

# Er ekki með neinn samning

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn stóri og stæðilegi Egill Jónasson hefur enn ekki ákveðið hvar hann spilar næsta vetur en vonast til að framtíð hans fari að skýrast í þessari viku.

Egill hefur stefnt að því að komast í atvinnumennsku næsta vetur og veit af áhuga danskra, sænskra og kýpverskra liða en umboðsmaður hans er enn að vinna í hans málum.

Egill segist bíða eftir að meta væntanleg tilboð frá erlendum liðum en fari svo að hann verði áfram á Íslandi þá er ekkert öruggt að hann verði áfram í Njarðvík. „Ég er ekki enn búinn að semja við Njarðvík þannig að ég er samningslaus,“ segir Egill en mestar líkurnar eru þó á því að hann spili utan landssteinanna næsta vetur. - óój



**GÓÐUR** Guðlaugur Arnarsson byrjar vel hjá HK Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Æfingaleikur HK Malmö:

# Carlén hrósaði Guðlaugi

**HANDBOLTI** Per Carlén, þjálfari Íslendingaliðsins HK Malmö, var afar ánægður með varnarleikinn í þremur æfingaleikjum sænska úrvalsdeildarliðsins um helgina og hrósaði sérstaklega línumanninum Guðlaugi Arnarssyni.

„Ég er sérstaklega ánægður með vörnina sem var mjög góð í öllum leikjunum þar sem við fengum aðeins 22, 23 og 19 mörk á okkur,“ sagði Carlén. Guðlaugur lét líka til sín taka í sókninni, skoraði fimm mörk í 26-19 sigri á Stavsten og fjögur mörk í 36-23 sigri á varaliði Ystads IF. Guðlaugur skoraði alls tólf mörk í leikjunum þremur en Valdimar Þórsson var með samanlagt sjö mörk fyrir Malmö. - óój




Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Ath! Ný námskeið hefjast 26. og 27. ágúst

*Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:*

- **TT 1 Frá toppi til táar!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20+ ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Frjáls aðgangur** að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
**Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði**

*Opna kerfið - Þinn tími er kominn!*

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð*
8. *Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Barnagæsla - Leikland JSB**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



## > Barbra Streisand

Barbra hefur lengi verið stuðningsmaður Demókrataflokksins og er áberandi baráttumaður ýmissa málefna. Hún hefur meðal annars vakið athygli á gróðurhúsaáhrifum, barist fyrir takmörkunum á byssunotkun, safnað peningum fyrir fórnarlömb hvirfilbylsins Katrínu og gagnrýnt innrásina í Írak. Barbra leikur í myndinni Meet the Fockers á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR RÆKTAR TÓMATA Í KÚSTASKÁPNUM

# Leiðin að hjarta mannsins



Því hefur verið haldið fram að leiðin að hjarta mannsins liggi í gegnum magann. Ég veit ekki með það, en hitt er víst að leið hins matarelskandi Jamie Oliver að mínu hjarta er ansi greið. Matreiðsluþættir hafa löngum tendrað áhuga minn, þó að ég geti ekki hreykt mér af neinum sérstökum sigrum í eigin eldhúsi. Eftir að heimilið fékk aðgang að BBC Food varði ég löngum stundum í að slefa yfir kræsingunum sem þar voru bornar á borð, á meðan ég gæddi mér á seríosi úr pakkanum, eða einhverju álíka kreatívu.

Þó að Jamie Oliver geti á stundum farið í taugarnar á mér, eins og Rachael Ray gerir reyndar líka, get ég horft á þættina hans tímunum saman, þangað til ég er sjálf orðin smámælt og rangeygð af þreytu. Ég tek þáttunum Heima hjá Jamie því fagnandi, svo ekki sé meira sagt. Þar sameinast brennandi áhugi minn á afrekum annarra í eldhúsinu og innibyrgð þrá mín eftir grænum fingrum, sem ég hef ekki heldur.

Það er eitthvað stórkostlega notalegt við að horfa á kokkinn geðprúða nota grænmeti sem hann hefur sjálfur ræktað – að vísu með dyggri aðstoð garðyrkjumeistarans Matts. Jafn heitt og ég þrái að geta galdrað fram fullkomnar sósur á meðan ég svissa ferskan aspas og flambera tígrisrækjur (eða eitthvað sem passar betur saman en það) vildi ég óska að ég gæti ræktað eitthvað í garðinum mínum. Ég hef hingað til drepið alla kaktusa og ódrepandi jukkur sem mér hafa hlotnast, svo ég hef ekki enn lagt í það.

Ég lifi því draumalífi mínu í gegnum Jamie og þroskuðu tómatana og kúrbítana hans enn sem komið er. Með dyggum stuðningi Matts gæti ég svo prófað að rækta tómata í kústaskápnum mínum í haust, hann virðist hafa trú á því að það gangi.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Waking the Dead SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05** Extreme Makeover: Home Edition STÖÐ 2



▶ **18.00** Meet the Fockers STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** The George Lopez Show SIRKUS



▶ **21.00** Design Star - Lokaþáttur SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Leikir kvöldsins** e.
**16.35 Út og suður** (11:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (9:26)
**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (7:13)
**18.30 Váboði** (9:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar** (4:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.50 Lithvörf** (11:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Birgi Andrésson nýlistamann. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson. e.
**21.00 Sanne Salomonsen** Þáttur um eina vinsælustu söngkonu Dana, Sanne Salomonsen, sem kom fyrst fram í sjónvarpi sex ára, gaf út sína fyrstu plötu 17 ára og á nú að baki 35 ára farsælan feril. e.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Dauðir rísa** (3:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmy-verðlauna sem besta leikna sjónvarpsefnið. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Soprano-fjölskyldan** (3:12) e.
**00.15 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Back in the Day**
**08.00 Airheads**
**10.00 Connie and Carla**
**12.00 Meet the Fockers**
**14.00 Airheads**
**16.00 Connie and Carla**
▶**18.00 Meet the Fockers**
**20.00 Back in the Day** Harðskeytt og óvægin mynd um ungan mann sem reynir að forðast háskalegar rætur sínar í fátækrahverfi svartra.
**22.00 Girl Fever**
**00.00 Special Forces**
**02.00 Confidence**
**04.00 Girl Fever**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Krakkarnir í næsta húsi**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (111:114)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (7:18)
**13.55 Studio 60** (9:22)
**14.40 Las Vegas** (1:17)
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Tvíburasysturnar** (10:22)
**16.15 Shin Chan**
**16.38 Kalli á þakinu**
**17.03 Ofurhundurinn**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 Simpsons** (16:21)
▶**20.05 Extreme Makeover: Home Edition** (10:32) Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni.
**21.30 Las Vegas** (17:17)
**22.15 The Shield** (9:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögregluliði í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.05 The Riches** (11:13) Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að kominn sé tími til að breyta til.
**23.55 Ghost Whisperer** (25:44)
**00.40 Hustle** (3:6)
**01.30 Love Don't Cost a Thing**
**03.10 Smiling Fish & Goat on Fire**
**04.40 Las Vegas** (17:17)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.15 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.
**18.40 David Beckham - Soccer USA** (2:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.
**19.10 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**20.00 David Beckham: New Beginnings**
**21.00 Einvígið á Nesinu** Þátturinn um Einvígið á Nesinu sem er orðið fastur liður í íslenska golfsumrinu. Þar mæta tíu öflugir kylfingar á Nesvöllinn og keppa í golfmóti með útsláttarfyrirkomulagi.
**21.50 PGA Tour 2007 - Highlights**
**22.45 Height of Passion** Frábær þáttaröð sem fjallar um viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Mílanóborg, AC Milan og Inter Milan.
**23.40 Heimsmótaröðin í póker 2006**

## SÝN2

**16.25 Enska úrvalsdeildin 2007/2008** Útsending frá leik Chelsea og Birmingham.
**18.05 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi sem og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.35 Enska úrvalsdeildin 2007/2008** Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Everton í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Þétt er leikið í upphafi móts og þá ríður á að halda vel á spöðunum.
**20.40 Enska úrvalsdeildin 2007/2008** Bein útsending frá leik Birmingham City og Sunderland í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Þétt er leikið í upphafi móts og því ríður á að halda vel á spöðunum.
**22.20 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Coca Cola mörkin 2007-2008**

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 On the Lot** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 All of Us** (21:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.30 How Clean is Your House?** (11:13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð.
▶**21.00 Design Star - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það styttist í fyrsta þáttinn í nýrri seríu sigurvegarans og hann fær óvæntan gest í heimsókn.
**22.00 Angela's Eyes** (12:13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Angela og félagar leita að stolnu listaverki og komast á slóð leigumorðingja sem allir héldu að væri löngu kominn undir græna torfu.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Runaway** (e)
**01.00 Sex, love and secrets** (e)
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Fíton/SÍA




KRINGLAN ER 20 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI VERÐUR AFMÆLISVEISLA ALLA VIKUNA

AFMÆLISTILBOÐ • GOTT Í GOGGINN • BLÖÐRUR • TRÚÐAR • LEIKTÆKI • LIFANDI TÓNLIST • ANDLITSMÁLUN

Kringlan

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 21.00

### Einvígið á Nesinu

Skemmtilegur þáttur um Einvígið á Nesinu sem orðið er fastur liður í íslenska golfsumrinu. Þar mæta tíu öflugir kylfingar á Nesvöllinn og keppa í golfmóti með útsláttarfyrirkomulagi. Kylfingarnir tíu spila saman níu holu hring en einn dettur út á hverri holu þar til tveir eru eftir á níundu. Ágóðinn af mótinu rennur til langveikra barna.



## ▶ LAS VEGAS

### Stöð 2 kl. 21.30

Nú er komið að lokaþættinum í bandarísku þáttaröðinni Las Vegas. Ed hefur helgað líf sitt vinnunni og nú er eiginkonan búin að fá nóg. Hún vill skilnað en Ed er ekki sammála. Á meðan gengur mikið á í spilavítinu þar sem einum starfsmanni hefur verið rænt og annar á von á barni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.08** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Litir í tónum og orðum: svart og hvítt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Djassgallerý: Keith Jarrett
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
▶**20.10 The George Lopez Show** (3:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. 2005.
**20.40 Kitchen Confidential** (13:13) Gamanþættir um Jack Bourdain sem var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað.
**21.10 E-Ring** (2:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum.
**22.00 Men In Trees**(9:17) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.
**22.45 Pirate Master** (11:14)
**23.35 Filthy Rich Cattle Drive** (4:8) (e)
**00.20 Entertainment Tonight** (e)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Home Front **8.30** A Place in France **9.00** Garden Challenge **9.30** Animals - The Inside Story **10.30** One Foot in the Grave **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Waking the Dead **19.00** Supernova **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Kiss Me Kate **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Waking the Dead **22.00** One Foot in the Grave **22.30** Supernova **23.00** The Mighty Boosh **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Klassen **6.30** Ude i naturen: Hjortene i Dyrehaven **7.00** Grønne haver **7.30** Lysglimt i mørket - fyr langs Norges kyst **8.00** Direktørens dilemma **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Vagn i København **9.30** Søren Ryge direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.55** Genbrugsguld **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Boogie Special **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** Store Nørd **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Det store år **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Killer Net **21.40** Kodenavn Hunter **22.40** Dinas Dates **23.10** Hjerteflimmer

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Postmann Pat **6.30** Pingu **6.40** Noahs dyrebare øy **7.10** Gjengen på taket **7.20** Mr. Jones **7.30** I hodet på Alva Burman **7.40** Danny og Daddy **7.45** Grusomme grøss **8.00** Laura på sommerleir **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Sport **10.00** Jukeboks: Norsk på norsk 1**1.35** Lunsjtrav **12.30** Jukeboks: Ut i naturen **13.25** The Tribe - Den nye morgendagen **13.50** Byttelånerne **14.15** Døden på Oslo S **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Tryllefeen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Med torsk til Lofoten **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **19.55** Diana - prinsessens siste dager **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Profeten Brians liv og historie **22.45** Bjørnemannen fra Kamtsjatka

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Flyg 29 saknas **10.00** Rapport **10.05** En frivillig fängelsekund **10.35** Kunskap och vetande **12.10** Bamse **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Me and you **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Flyg 29 saknas **17.30** Rapport **18.00** Minnenas television **18.45** Vid pianot **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Livräddarna **21.05** Rapport **21.15** Svartskägg - piraten och legenden **22.05** Six Feet Under **22.55** Sändningar från SVT24


*Fáðu meira fyrir ferðina*

*Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*



*Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*

*Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur ríflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgar jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.*

*Fáðu meira – mættu fyrr!*

*Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á airport.is.*

*Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!*

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 37703 06/07

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Krua Thai er best geymda leyndarmálið í Reykjavík. Þetta er lítill taílenskur veitingastaður og maturinn er ódýr, vel útilátinn og ferlega góður. Ég hef meira að segja heyrt Taílendinga segja að þarna sé betri matur en í Taílandi.“*

Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari.

# Lénið kostaði þriggja mánaða áskrift

„Ég lét pöbbinn duga í 1. umferðinni um helgina og á ekki von á að gerast áskrifandi á næstunni,“ segir Daníel Snorri Jónsson, sem keypt hefur lénið www.syn2.is og heldur þar uppi umræðu um það sem hann vill meina að sé óhófleg verðlagning Sýnar 2 á áskrift af enska boltanum.

„Ég sá að lénið var á lausu og stökk á það. Það kostaði tíu þúsund krónur auk virðisaukaskatts, svipað og þriggja mánaða áskrift að Sýn 2,“ sagði Daníel í gamansömum tón. Öllu alvarlegri bætir hann þó við að hann og fleiri eigi mjög erfitt með að sætta sig við þann kostnað sem blasir við, vilji þeir horfa á enska boltann heima í stofu.

Daníel segir vefslóðina vera fínan vettvang til að halda uppi umræðunni um verðlag Sýnar og á síðunni má finna tengla í ýmsar vangaveltur um verðlagninguna. Þá hefur hann hannað sérstakt merki fyrir nýju stöðina með slagorðinu „Sýn 2 – Dýrasta sætið.“

„Ef verðið á Sýn 2 er borið saman við það sem gerist í nágrannalöndunum þá lýgur þetta slagorð engu,“ fullyrðir Daníel. Spurður um hvort lénið sé til sölu segir Daníel það velta á ýmsu. „Ég er með verðskrá sem einhverjum gæti þótt svolítið flókin en er í raun sáraeinföld. Það eru um 20 útgáfur af verði og fer eftir því hvort viðkomandi á í öðrum viðskiptum við mig.“

Þórlaug Ágústsdóttir, forstöðumaður netviðskipta hjá 365, segir fyrirtækið vera í fullum rétti vegna málsins. „Við erum að skoða málið en rétt eins og önnur fyrirtæki verjum við okkar vörumerki fyrir misnotkun. Þetta er fínn brandari en hann hefur gengið of langt,“ segir Þórlaug.

**- vig**




**VEFSÍÐAN** Daníel segir hana tilvalin vettvang til að halda uppi umræðunni um kostnaðinn af Sýn 2.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** hreinsiefni **6.** tveir eins **8.** krá **9.** heiður **11.** fyrir hönd **12.** rándýr **14.** flatfótur **16.** hæð **17.** gerast **18.** stykki **20.** til **21.** þráður.

**LÓÐRÉTT 1.** ómögulegur **3.** í röð **4.** grænmeti **5.** dýrahljóð **7.** tæla **10.** kraftur **13.** suss **15.** skapi **16.** kærleikur **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** ff, **8.** bar, **9.** æra, **11.** pr, **12.** refur, **14.** ilsig, **16.** ás, **17.** ske, **18.** stk, **20.** að, **21.** taug.

**LÓÐRÉTT: 1.** ófær, **3.** áb, **4.** paprika, **5.** urr, **7.** freista, **10.** afl, **13.** uss, **15.** geði, **16.** ást, **19.** ku.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: FÆR STÓRSTJÖRNUR Á SVIÐ Í REYKJAVÍK

# Gael García Bernal í sýningu Gísla

Stórstjarnan Gael García Bernal er á meðal þeirra erlendu leikara sem leika í sviðsuppsetningu Gísla Arnar Garðarssonar á kvikmynd Lukas Moodysson, Tillsammans. Þýski leikarinn Daniel Brühl, sem var í aðalhlutverki í Good Bye Lenin!, mun einnig fara með hlutverk í uppsetningunni, ásamt spænsku leikkonunni Elenu Anaya og hinni frönsku Joanu Preiss. Að því er Fréttablaðið kemst næst hafa stórstjörnur á borð við García Bernal og Brühl aldrei áður stigið á svið í íslenskum leikuppsetningum.

Gísli sagði sýningar Vesturports á erlendri grundu hafa skilað sér í áhuga leikaranna á samstarfi við hópinn, en Vesturport hefur gerst víðreist með leiksýningar á borð við Rómeó og Júlíu, Woyzcek og Hamskiptin. „Björn Hlynur lék með Gael í London, og þannig kynntist ég honum. Daniel og Nína voru svo Shooting Stars á sama tíma. Þeir hafa báðir séð sýningar sem ég hef leikstýrt. Við höfum talað um að gera eitthvað saman síðan,“ útskýrði Gísli, sem sagði hugmyndina um uppsetningu á hippasýningunni Tillsammans hafa höfðað til stórleikaranna tveggja.

„Gael kom að sjá Hamskiptin hjá okkur í London. Þegar ég sagði honum að ég væri að fara að gera leiksýningu úr Tillsammans fannst honum það með betri hugmyndum sem hann hafði heyrt í langan tíma og bað um að fá að vera með,“ sagði Gísli. „Þetta er svona ensemble-verk, og það er oft heillandi fyrir leikara að taka þátt í þannig sýningum. Það er alltaf verið að bjóða þessum strákum að leika Hamlet eða Macbeth á sviði, en mér sýnist þeir hafa meiri áhuga sýningu eins og þessari. Hún er unnin út frá ákveðnum grunni, en verður svo til í meðförum leikaranna,“ sagði hann.

Gísli sagðist myndu nýta sér þá tungumálaörðugleika sem hljótast af svo fjölbreyttum leikhópi. „Á Íslandi verður þetta íslensk kommúna með nokkrum útlenskum meðlimum. Kannski munu einhverjir reyna að tala íslensku, við eigum eftir að finna út úr því,“ sagði hann. Leikhópurinn, sem státar einnig af Atla Rafni Sigurðarsyni, Rúnari Frey Gíslasyni, Nínu Dögg Filippusdóttur og Árna Pétri Guðjónssyni, hélt út á land í gær, þar sem vinnuvika er fyrir höndum. „Þar mun ég átta mig á hvernig ég vil að þetta leggist og hver leiki hvað,“ sagði Gísli.

Hvar verkið verður sett upp skýrist á næstunni, en frumsýning er áætluð um áramót. Börkur Jónsson gerir leikmynd og Karl Olgeirsson sér um tónlist, sem verður veigamikill hluti sýningarinnar.

**sunna@frettabladid.is**



**LAÐAR AÐ SÉR STJÖRNURNAR** Gísli Örn Garðarsson segir sýningar Vesturports ytra hafi skilað sér í áhuga erlendra leikara á samstarfi við hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





### RÍSANDI STJÖRNUR Á SVIÐ Í REYKJAVÍK

Gael García Bernal er með eftirsóttustu leikurum ytra um þessar mundir, eftir að hafa leikið í myndum á borð við Amores Perros, The Motorcycle Diaries og Babel. Daniel Brühl vakti heimsathygli þegar hann fór með aðalhlutverkið í hinni margverðlaunuðu kvikmynd Good Bye Lenin! Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa stórstjörnur á borð við þá Bernal og Brühl aldrei stigið á svið í íslenskum uppfærslum.

Að hringja kollekt í pabba til að spara

Kollekt

Það er Síminn

# Gunnar hættir hjá V-dagssamtökunum

„Þetta er ekki alveg gengið í gegn en við ættum að vera búin að ganga frá þessu á allra næstu dögum,“ segir Gunnar Sigurðsson en hann mun hætta sem framkvæmdastjóri V-dagsins. „Það hefur verið brjálað að gera hjá V-deginum, og mér finnst eins og ég hafi ekki getað tekið þetta með þeim krafti sem ég hefði viljað gera. Tvö stærstu verkefnin, Píkusögur og verslunarmannahelgarátakið, eru nú að baki og það er dágóður tími þangað til næsta verkefni lítur dagsins ljós,“ segir Gunnar og telur því að nú sé rétti tíminn til að snúa sér að einhverju öðru. „Þetta eru hagsmunasamtök og einhvern veginn verður maður líka að hafa í sig og á. Og það var því ákveðið með faðmlagi að segja þetta gott í bili,“ bætir Gunnar við en áréttar þó að hann muni taka virkan þátt í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum. Gunnar segist vera með mörg járn í eldinum, eiginlega of mörg, en vildi ekki gefa upp hvað tæki við hjá honum næst. Það ætti að skýrast á allra næstu dögum.



**GUNNAR** Er hættur sem framkvæmdastjóri V-dagssamtakanna en er með mörg járn í eldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það hefur verið skammt stórra högga á milli hjá Gunnari því áður en hann fór að sinna verkefnum fyrir V-daginn hafði hann verið Guðmundi Steingrímssyni innan handa í Kvöldþættinum sáluga en flutti sig síðar um set og var í gestahlutverki hjá Strákunum á Stöð 2. Gunnar var síðan kosningastjóri hjá Samfylkingunni í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í fyrra en hefur síðan að þeim lauk verið framkvæmdastjóri V-dagssamtakanna.

**- fgg**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Knattspyrnumaðurinn Gylfi Einarsson hefur ekki getað glaðst yfir mörgu á meðan hann hefur leikið knattspyrnu með Leeds á Englandi. Gylfi hefur verið mikið meiddur og liðinu hefur gengið hörmulega. Það ætti þó að vera gleði á heimili Gylfa og Helgu Lindar Björgvinsdóttur fyrirsætu í Leeds um þessar mundir því þau eiga von á tvíburum. Gylfi verður þar með faðir í fyrsta sinn en fyrir á Helga tvö börn með Arnari Gunnlaugssyni knattspyrnumanni.



**- hdm**




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

## Ris bullunnar

Vinsælustu brandarar allra tíma virðast fela í sér skilgreiningar á muninum á körlum og konum. Þið vitið, sniðugheit á borð við: Ef þú spyrð konu til vegar þá segir hún þér hvaða verslanir eru á leiðinni, ef þú spyrð karlmann til vegar þá miðar hann við krárnar. Sjálf hef ég enga tölu á því hve oft ég hef lesið skens af þessu tagi í skemmtiblöðum. Þó hef ég aldrei kannast sérstaklega við kynjamuninn.

**GRANDALEYSI** mitt gagnvart þessum greinilegu ólíkindum kynjanna stafar ef til vill aðeins af því að ég er ekki sérlega næm á fínni blæbrigði lífsins. Þó hef ég tileinkað mér kreddur um knattspyrnuáhugamenn sem ég taldi á sínum tíma ómögulegt að losna við. Kreddufullur hugur minn hefur haldið því fram að aðeins klæmnir og bjórþyrstir karlmenn í bolum frá Íslenskri erfðagreiningu hefðu raunverulegan áhuga á enska boltanum.

**Í** gegnum árin hef ég velt því fyrir mér hvers vegna allt breytist nema íþróttir. Lýsingar íþróttaþula hafa að vísu orðið fræðilegri með hverju árinu og stuttbuxurnar hafa síkkað, mér til mikillar armæðu. Ég hélt að fátt væri jafn rígbundið við staðalímyndir og flest það sem tengist fótboltanum. Allt hefði verið afmiðjað, afbyggt og orðræðan umskrifuð með tilkomu póstmódernismans fyrir utan allt það sem tengdist vinsælustu íþróttagrein veraldar. Nú hef ég komist að því að það var öldungis rangt hjá mér. Boltabullur eru líkast til orðnar mýkstu menn samfélagsins. Það er í raun skammarlegt eftirtektarleysi af minni hálfu að hafa ekki kveikt á þessu fyrr.

**FYRIR** leiki í HM síðasta sumar var rándýrum auglýsingahléum sjónvarpstöðvanna tröllriðið af fyrirtæki sem vildi hjálpa knattspyrnuáhugamönnum að ráða bót á risvandamáli. Þetta þótti mér frábært framtak. Risvandamál er þaggað en algengt vandamál karlmanna, svona rétt eins og þvagleki kvenna. Það er gott að rjúfa þögn um svona mál. Mér hefði þótt eðlilegra að mjúkir menn með menningarþætti hefðu hjálpað auglýsendum til að fá menn til að ráða bót á þessu viðkvæma vandamáli, allt í nafni upplýsingar, en það stafaði nú bara af fyrirframgefnum staðalímyndum mínum.

**SNEMMA** í sumar gengu auglýsendur boltans svo skrefi lengra og sýndu okkur inn í heim óléttra karlmanna. Það var hjartnæmt að horfa á sláandi sannfærandi leik mjúkra manna með óléttukúlu. Táknrænasta skref kynuslans var þó stigið með því að hefja boltaáhorfið á sjálfan gleðidag homma og lesbía; skemmtilegasta degi ársins þar sem gömlum hugmyndum um mannlegt eðli er kastað fyrir róða af sviði fjölbreytileikans. Það var frelsandi tilfinning að ganga inn í hús á laugardaginn og berja augum glæsilega unga karlmenn sem saman voru komnir til að hvetja mennina sína á Englandi til dáða. Þó þeir gætu vart haft augun af skjánum höfðu þeir haft fyrir því að flagga gleðifánanum á svölunum ásamt fánum sinna eftirlætis fótboltaliða. Fátt er fallegra en að horfa á karlmann fagna marki með barn sitt í fanginu.


